

KOSNINGAKÆRA



Guðmundur Gunnarsson, kt. 230976-5119, Perlukór 1b, 203 Kópavogi, frambjóðandi til Alþingis árið 2021 („kærandi“) hefur falið undirrituðum að senda kosningakæru þessa til Alþingis og dómsmálaráðuneytisins, sbr. 46. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, 118. og 120. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 („kosningalög“) og 1. og 5. gr. laga um þingsköp Alþingis nr. 55/1991 („þingskaparlög“).

KRÖFUGERÐ

Kærandi krefst þess að Alþingi úrskurði kosningu allra framboðslista stjórnmalasamtaka í Norðvesturkjördæmi í alþingiskosningum, sem voru haldnar 25. september 2021, ógilda, sbr. 46. gr. stjórnarskrárinnar og 120. gr. kosningalaga, og að uppkosning fari fram í kjördæminu við fyrsta tækifæri, sbr. 115. og 121. gr. kosningalaga.

Einnig krefst kærandi þess að Alþingi fresti úrskurði um kjörbréf allra þingmanna og varaþingmanna í Norðvesturkjördæmi og þeirra sem hlutu úthlutun jöfnunarsæta í kjölfar endurtalningar yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis, sbr. 5. mgr. 5. gr. þingskaparlaga.

ÁSKILNAÐUR

Kærandi áskilur sér rétt til að koma að frekari málsástæðum og gögnum á síðari stigum málsmeðferðar.

INNGANGUR

1. Við upphaf umfjöllunarinnar skal þess getið að kærandi óskaði eftir afriti fundargerðar yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis („yfirkjörstjórnin“) þann 30. september 2021. Í bréfinu var sérstaklega óskað eftir gerðabók yfirkjörstjórnar, sbr. 19. gr. kosningalaga. Upplýsingabeidninni var svarað samdægurs og fékk kærandi m.a. endurrit fundargerðar yfirkjörstjórnarinnar frá 25.-26. september 2021 (fskj. 1) ásamt greinargerð yfirkjörstjórnar um endurtalningu (fskj. 2). Fundargerðin er óundirrituð en við ritun kæru þessarar er gengið út frá því að enginn ágreiningur ríki innan yfirkjörstjórnarinnar um efni hennar.
2. Í kosningalögum er ekki stuðst við hugtakið „fundargerð“ heldur almennt talað um gerðabækur yfirkjörstjórna. Þessi ólíka hugtakanotkun getur valdið ruglingi, en í kæru þessari er gengið út frá því að endurriti fundargerðar yfirkjörstjórnarinnar sé ætlað að gegna hlutverki gerðabókar í skilningi 19. gr. kosningalaga.
3. Lýsing á málsatvikum liggur að nokkru leyti fyrir í áður nefndri fundargerð yfirkjörstjórnarinnar og verður þeim lýst í samhliða umfjöllun kæranda um málsástæður um ógildingu kosningarinnar.

MÁLSÁSTÆÐUR

Engin lagaheimild er fyrir endurtalningu

4. Sunnudagsmorgun 26. september 2021 birtust í fjölmiðlum fréttir af niðurstöðum talningar í Norðvesturkjördæmi. Í því sambandi er m.a. vísað til fréttar á vefsíðunni ruv.is frá kl. 7.37 undir fyrirsögninni „Lokatölur úr Norðvesturkjördæmi“ (fskj. 3). Frétt þessi er í samræmi við fundargerð yfirkjörstjórnarinnar en þar segir að talningu hafi lokið um kl. 7.15 og að þá hafi talningarfólk yfirgefið staðinn. Svo segir:

Niðurstaðan var þessi:

Stjórnmalaflokkur	Atkvæðafjöldi
Framsóknarflokkur B listi	4443
Viðreisn C listi	1072
Sjálfstæðisflokkur D listi	3887
Flokkur fólksins F listi	1513
Sósíalistaflokkur J listi	721
Miðflokkur M listi	1283
Frjálslyndi lýðræðisfl. O listi	72
Píratar P listi	1082
Samfylking S listi	1196
Vinstri hreyf. grænt framboð V listi	1979
Auðir seðlar	394
Aðrir ógildir seðlar	24
Samtals greidd atkvæði	17666

5. Í 2. mgr. 105. gr. kosningalaga er fjallað um hvað gerist að lokinni talningu en þar segir:
- Yfirkjörstjórn skal tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslu um atkvæðatölur. Skal þar tilgreina tölu kjósenda á kjörskrá, hvernig atkvæði hafa fallið á hvern framboðslista fyrir sig og atkvæðatölur hvers frambjóðanda. Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.
6. Samkvæmt orðanna hljóðan þar yfirkjörstjórninni að senda umrædda skýrslu strax að lokinni talningu til landskjörstjórnar. Að öðrum kosti væri skilyrðinu um tafarleysi ekki fullnægt.
7. Kærandi óskaði sérstaklega eftir áður nefndri skýrslu skv. 105. gr. frá landskjörstjórn þann 30. september 2021, en hefur ekki fengið afrit hennar. Í bókun landskjörstjórnar frá 1. október 2021 (fskj. 6) er vikið að þessu en þar segir að landskjörstjórn leggi til eyðublað fyrir skýrslur um atkvæðatölu og að hún hafi komið saman að morgni sunnudags 26. september sl. „til þess að taka á móti skýrslum yfirkjörstjórna“. Svo segir í bókuninni að þá hafi legið fyrir „í fjölmiðlum niðurstöður talninga í einstökum kjördæmum“. Bendir bókunin þannig til að yfirkjörstjórn hafi á þessum tíma ekki verið búin að skila inn skýrslu yfir atkvæðatölur, heldur hafi það fyrst gerst kl. 17.47 á sunnudeginum, en landskjörstjórn hafi gert athugasemd við gögn þar sem þau voru „óskýr og ekki á því sniðmáti sem landskjörstjórn hafði sent yfirkjörstjórnnum til útfyllingar“. Fullnægjandi skýrsla hafi því fyrst borist

landskjörstjórn kl. 11.39, mánudaginn 27. september 2021. Enn er samt einhver óvissa um hvernig staðið var að verki og getur tvennt komið til greina.

- a. *Annars vegar* að yfirkjörstjórnin hafi ekki framfylgt þessari skyldu sinni með því að senda skýrslu yfir atkvæðatölur tafarlaust til landskjörstjórnar að lokinni talningu að morgni sunnudags.
 - b. *Hins vegar* að yfirkjörstjórnin hafi sinnt þessari skyldu sinni og sent landskjörstjórninni umrædda skýrslu að lokinni talningu á sunnudagsmorgun og eftir atvikum þá aðra að lokinni endurtalningu.
8. Er þess óskað að Alþingi kanni þennan þátt málsins, sbr. 5. gr. laga um þingsköp Alþingis nr. 55/1991, enda skiptir hann máli þar sem engin lagaheimild er fyrir endurtalningu eða annars konar endurskoðun að frumkvæði yfirkjörstjórnarinnar sjálftrar þegar talningu er lokið.
 9. Engu að síður er það svo að yfirkjörstjórnin virðist að eigin frumkvæði hafa tekið ákvörðun um endurtalningu atkvæða. Þannig er því lýst í fundargerðinni að fundi hafi verið frestað kl. 7.35 og að ákveðið hafi verið að honum yrði framhaldið kl. 13.00. Engin skýring er veitt hvers vegna fundi yfirkjörstjórnarinnar var frestað á þessum tímapunkti. Þá fæst ekki séð hvaða verkefnum kjörstjórnar var ólokið sem kröfðust frestunar, þegar talningu atkvæða var lokið.
 10. Í fundargerð yfirkjörstjórnarinnar segir svo að oddviti yfirkjörstjórnarinnar hafi mætt aftur á talningarstað kl. 11.46, það er nokkru áður en fundargerðin segir að fundi yfirkjörstjórnarinnar yrði framhaldið. Aðrir meðlimir yfirkjörstjórnarinnar ásamt starfsmanni hennar hafi mætt á talningarstað á tímabilinu kl. 12.15-13.00. Í fundargerðinni er ekki greint frá því hvað átti sér stað á milli kl. 11.46-13.00.
 11. Næst segir í fundargerðinni að vegna ábendingar landskjörstjórnar hafi yfirkjörstjórnin „ákveðið að fara yfir atkvæði greidd C lista Viðreisnar“ en ekki kemur fram klukkan hvað þetta gerðist. Svo segir:
„Í fyrsta C atkvæðabunka sem oddviti tók upp reyndust vera átta atkvæði sem tilheyrðu D lista og eitt atkvæði sem tilheyrði B lista. Yfirkjörstjórnin fór í framhaldi yfir öll atkvæði C lista þ.e. athugaði hvort öll önnur en fyrrgreind atkvæði D og B lista tilheyrðu ekki örugglega C lista sem voru í bunkum merktum C. [...] Með hliðsjón af þessu taldi yfirkjörstjórn ekki annað fært en að endurtelja öll atkvæði sem talin höfðu verið og yfirfara annað sem kynni að hafa leitt til þess að fyrrgreind niðurstaða um fjölda atkvæða hvers framboðslista væri ekki rétt.“
 12. Það vekur athygli að athugun yfirkjörstjórnarinnar virðist frá upphafi hafa beinst sérstaklega að atkvæðum Viðreisnar og að yfirkjörstjórnin hafi svo síðar einmitt orðið vör við misræmi eða mistök við talningu atkvæða þess flokks. Í frétt á vefsíðunni visir.is kl. 14.57 þann 26. september 2021 (fskj. 4) er haft eftir oddvita yfirkjörstjórnarinnar:

„Við ákváðum þegar við sáum að það væri lítill munur að við myndum endurtelja. Við viljum bara útiloka það að þetta sé ekki í lagi“

13. Þá sagðist hann ekki búast við að endurtalningin hefði áhrif á hversu marga þingmenn flokkarnir fengju en hún gæti haft þau áhrif að jöfnunarsæti myndu víxlast á milli kjördæma.

Varðveisla kjörgagna í trássi við kosningalög

14. Ekki er hægt að skilja fundargerðina öðruvísi en að yfirkjörstjórnin hafi hafið endurtalningu atkvæða kl. 13 eins og lýst er hér að framan. Frágangi kjörgagna frá því að talningu lauk kl. 7.15 til kl. 13 er lýst í fundargerðinni með svofelldum hætti:

„Meðan á fundarfrestun stóð voru kjörgögn geymd í salnum þar sem talningin fór fram en hann var læstur og öryggismyndavélar eru við inngang hans.“

15. Í ofangreindri bókun eru engar upplýsingar veittar um þær ráðstafanir sem yfirkjörstjórnin tók til að tryggja öryggi kjörgagnanna í samræmi við svohljóðandi 104. gr. laganna:

■ 104. gr. Að talningu lokinni skal loka umslögum með ágreiningssæðlum með innsigli yfirkjörstjórnar og eiga umboðsmenn lista rétt á að setja einniq fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni viðvikjandi kosningunni ásamt ágreiningssæðlunum sem dómsmálaráðuneytið leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum sem það tók við þeim.

Þá skal yfirkjörstjórn setja alla notaða kjörseðla undir innsigli og skal gildum og ógildum kjörseðlum haldið sér. Kjörseðlana skal geyma þar til Alþingi hefur úrskurðað um gildi kosninganna, sbr. 120. gr., enda sé þeirra eigi þörf vegna kæru sem beint hefur verið til lögreglustjóra. Að því búnu skal eyða kjörseðlunum og skrá yfirlýsingu um það í gerðabók yfirkjörstjórnar.

Yfirkjörstjórn skal búa um allar kjörskrár í innsigliðum umbúðum og senda dómsmálaráðuneytinu sem geymir þær í eitt ár, en að því búnu skal eyða þeim. [undirstrikun SÖH]

16. Skilja má yfirlýsingar oddvita yfirkjörstjórnarinnar þannig að kjörgögnin hafi verið eftirlitslaus og óinnsiglið í andstöðu við fyrirmæli laga. Í því sambandi er vísað til viðtals við oddvita yfirkjörstjórnarinnar á vefsíðunni visir.is þann 26. september 2021 kl. 21.23 (fskj. 5), en þar staðfesti hann að kjörgögnin hafi ekki verið innsiglið, en vísaði gagnrýni á bug og taldi ekki tilefni til að bregðast sérstaklega við henni. Svo er haft eftir oddvitanum:

Oddviti: „Þetta er bara sama skipulag og hefur verið mjög lengi“

Blaðamaður: „En er þetta rétt, að þau hafi ekki verið innsiglið og skilin eftir?“

Oddviti: „Já, ekki innsiglið. Það hefur aldrei verið gert. Þau eru bara skilin eftir og læst inn í salinn. Svo förum við heim og hvílum okkur í smá tíma og förum aftur á staðinn. Þetta er bara vinnulag sem er búið að vera eins lengi og ég veit. Það er ekkert innsiglað, það er engin aðstaða til að innsigla þetta. Menn ganga ekkert alveg frá þessu. Auðvitað væri það hægt, það væri náttúrulega hægt að klára þetta en þá

væru menn að bara fram á miðjan dag og væru þá kannski ekkert búinir að sofa í tvo sólarhringa.”

Blaðamaður: Þannig að þetta er rétt hjá honum, en þú vísar því á bug að það sé eitthvað athugavert við þetta?

Oddviti: „Já, já. Eins og ég segi, þetta hefur bara tíðkast og er bara venjubundið. Það hafa aldrei verið nein vandamál í sambandi við þetta.“

17. Þannig hefur oddviti kjörstjórnarinnar viðurkennt að kjörgögnin hafi ekki verið geymd í samræmi við 104. gr. kosningalaga. Þá má líka skilja önnur ummæli oddvitans þannig að hann skilji ekki tilgang innsiglianna, sbr. viðtal hans við blaðamann Mannlífs kl. 11.33 þann 27. september 2021 (fskj. 6):

„Þegar Ingi var spurður út í innsigli sem kjörstjórn er skylt að nota sagðist hann halda að betra væri að leggja áherslu á að læsa herbergjunum.

„Það er spurning hvort fólk viti það hvað felst í innsigli,“ sagði Ingi og bætti við að ef einhver ætlaði sér inn í herbergið kæmi innsigli ekki í veg fyrir það. Enda væri um límmiða að ræða sem auðvelt væri að taka af og setja aftur á.“

18. Lásar og innsigli gegna ljóslega ólíku hlutverki. Þannig er lásurum ætlað að hindra eða takmarka líkur á aðgangi óviðkomandi. Auðveldlega má rjúfa innsigli, en þá liggja einmitt fyrir ummerki um slíkt. Órofin innsigli veita vissu fyrir að ekki hafi verið átt við kjörgögnin. Lýsing oddvitans á virkni innsigla er röng enda eru þau innsigli sem iðulega eru notuð við frágang kjörgagna, sbr. t.d. skýrslur annarra yfirkjörstjórna til landskjörstjórnar, þannig úr garði gerð að ekki er mögulegt að „taka af og setja aftur á“ án þess að ummerki sjáist.

19. Orð oddvita yfirkjörstjórnarinnar um mikilvægi læsinga eru líka sérstök fyrir þær sakir að hann hefur sjálfur sagst ekki vita hve margir lykklar væru að salnum sem yfirkjörstjórnin yfirgaf án þess að innsigla kjörgögnin. Í frétt sem birtist á vefsíðunni stundin.is kl. 15.55 þann 28. september 2021 (fskj. 8) segir:

„Ingi Tryggvason, formaður kjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi, segist ekki hafa tölu á því hversu margir lykklar eru að salnum þar sem atkvæði voru geymd á meðan kjörstjórn yfirgaf svæðið í sex klukkutíma. Hann segir að starfsmenn hefðu ekki átt að hafa aðgang að salnum en lykklarnir séu margir.

„Ég veit ekki hvað eru til margir lykklar að þessum inngöngum. Þetta er hluti af hótelinu, þetta er ekki húsnæði sem yfirkjörstjórn á. Það geta verið 50 lykklar að þessu pláss, ég veit það ekki. Við létum ekki skipta um skrá á húsnæðinu,“ segir Ingi aðspurður að því hvort að starfsmenn hótelsins höfðu lykla að salnum.

„Ég hef ekki áhyggjur af því hvernig þessi gögn voru geymd meðan við vorum ekki á staðnum,“ segir hann. „Það getur vel verið að starfsmenn hótelsins hafi haft aðgang að þessu rými.““

20. Í bókun landskjörstjórnar (fskj. 7) segir enn fremur:

„Ritari landskjörstjórnar óskaði sérstaklega eftir því við formann yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis að hann aflaði staðfestingar um tiltekin atriði varðandi upptökur úr öryggismyndavélum en slík staðfesting barst ekki. Að mati landskjörstjórnar hefur ekki borist staðfest frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis á að meðferð og varðveisla kjörgagna á talningarstað í kjördæminu hafi verið fullnægjandi.“

21. Af þeim brotum á kosningalögum sem fjallað er um í kæru þessari, eru ólöglegur frágangur og varðveisla kjörgagnanna afdrifaríkust, enda leiða þau til þess að ekki er unnt að treysta því að ekki hafi verið átt við gögnin á milli talninga.

Talning atkvæða án auglýsingar og umboðsmanna

22. Á því er byggt að við endurtalningu hafi yfirkjörstjórn borið að gæta að sömu skyldum og almennt gilda um talningu og meðferð atkvæðaseðla.

23. Í 2. mgr. 97. kosningalaga greinir:

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað þá er hún [eða umdæmiskjörstjórn] ¹⁾ komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin. Undirkjörstjórnnum er skylt að sjá um að þá séu atkvæðakassarnir og þau kjörgögn, sem þeim eiga að fylgja, komin í hendur yfirkjörstjórnar [eða umdæmiskjörstjórnar] ¹⁾ nema gild forföll banni. Ætíð skal talning fara fram svo fljótt sem verða má að dómi yfirkjörstjórnar [eða umdæmiskjörstjórnar]. ¹⁾

24. Auglýsing talningar er þannig áskilin í lögnum, en tilgangur hennar er að gefa almenningi og umboðsmönnum lista kleift að fylgjast með, sbr. 98. gr. kosningalaganna:

■ 98. gr. Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dyrum svo að kjósendum gefist kostur á að vera við eftir því sem húsrúm leyfir.

Nú eru umboðsmenn lista eigi viðstaddir talningu og skal yfirkjörstjórn [eða umdæmiskjörstjórn] ¹⁾ þá kveðja valinkunna menn úr sömu stjórn málasamtökum, ef unnt er, til að gæta réttar af hendi listans.

25. Að þessum aðilum viðstöddum skulu atkvæðasendingar úr hverri kjördeild opnaðar, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 99. gr. kosningalaga:

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórn [eða umdæmiskjörstjórn] ¹⁾ atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild eftir að þeim hefur verið gefinn kostur á að sannfærast um að öll innsigli séu ósködduð.

26. Svo segir í 1. málsl. 4. mgr. 103. gr. laganna:

Þegar atkvæði hafa verið talin saman undir nákvæmu eftirliti umboðsmanna kynnir umdæmiskjörstjórn niðurstöðu talningar sinnar yfirkjörstjórn sem færir niðurstöðu kosninganna í gerðabókina og kunngerir hana þeim sem viðstaddir eru.

27. Öll ofangreind ákvæði kosningalaga voru brotin af yfirkjörstjórn við endurtalninguna:

- a. Endurtalningin var ekki auglýst með nægilegum fyrirvara svo kjósendur og umboðsmenn framboðslista hefðu tækifæri til að fylgjast með henni.
 - b. Umboðsmenn sex framboðslista voru ekki viðstaddir talninguna og ekkert er bókað í fundargerðina um að yfirkjörstjórnin hafi kvatt til umboðsmenn til að gæta réttar af hendi þeirra lista sem áttu sér ekki fulltrúa við endurtalninguna. Þvert á móti virðist oddviti yfirkjörstjórnar hafa sagt umboðsmanni í það minnsta eins flokks að viðvera hans við endurtalningu væri óþörf, sjá bókun umboðsmanns Samfylkingar dags. 27. september 2021 (fskj. 9). Umboðsmaður Pírata segist sjálfur hafa frétt af endurtalningunni í fjölmiðlum og að oddviti yfirkjörstjórnar hafi ekki virt beiðni hans um að fresta endurtalningu þar til hann gæti mætt. Þvert á móti hafi endurtalningin verið í „fullum gangi“ kl. 16.28 þegar hann mætti á talningastað.
 - c. Hvorki almenningi né umboðsmönnum kjósenda gafst tækifæri til að fylgjast með því þegar kjörgögnin voru opnuð og sannfærast um að öll innsigli væru ósködduð. Það var enda ómögulegt.
28. Hvað varðar mikilvægi umboðsmanna við talningu atkvæða er vísað til ákvörðunar Hæstaréttar frá 25. janúar 2011 um gildi kosninga til stjórnlagabings en þar er fjallað um 2. mgr. 98. gr. kosningalaga með eftirfarandi hætti:

„Á grundvelli þessa ákvæðis bar landskjörstjórn, að breyttu breytanda, að kveðja valinkunna menn til að gæta réttar frambjóðenda við talningu atkvæða eftir því sem framkvæmanlegt var með hliðsjón af rafrænni talningu og öðrum atvikum. Lög nr. 24/2000 eru byggð á því meginviðhorfi að gagnsæi eigi að ríkja við talningu atkvæða. Skal í því sambandi áréttað að ekki er nóg að rétt sé talið ef ekki ríkir traust um að þannig hafi verið að verki staðið. Samkvæmt upplýsingum frá landskjörstjórn kom upp vafi við rafrænan lestur kjörseðla þannig að taka þurfti sérstaka ákvörðun um hvernig skilja bæri skrift kjósenda á tölustöfum 13 til 15% allra kjörseðla. Af þessum sökum var sérstök þörf á nærveru fulltrúa við talninguna, sem ætlað var að gæta réttar frambjóðenda. Samkvæmt framansögðu verður að telja það verulegan annmarka á framkvæmd við talningu atkvæða við kosningu til stjórnlagabings að landskjörstjórn skyldi ekki skipa sérstaka fulltrúa frambjóðenda til að vera viðstadda talninguna svo sem skylt var samkvæmt 2. mgr. 98. gr. laga nr. 24/2000. Þessi annmarki er einnig verulegur í ljósi þess, eins og áður segir, að talning atkvæða fór heldur ekki fram fyrir opnum dyrum eins og lögskylt var. Það haggar í engu þessari niðurstöðu þótt fulltrúi innanríkisráðuneytisins, dr. James Gilmour, hafi fylgst sérstaklega með talningunni.“ [undirstrikun SÖH]

29. Þessu til frekari fyllingar er vísað til almennra athugasemda mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna („SP“) frá 27. ágúst 1996 nr. 25(57) um samning SP um stjórn mála og borgaraleg réttindi, en þar segir:

„20. An independent electoral authority should be established to supervise the electoral process and to ensure that it is conducted fairly, impartially and in

accordance with established laws which are compatible with the Covenant. States should take measures to guarantee the requirement of the secrecy of the vote during elections including absentee voting, where such a system exists. This implies that voters should be protected from any form of coercion or compulsion to disclose how they intend to vote or how they voted, and from any unlawful or arbitrary interference with the voting process. Waiver of these rights is incompatible with article 25 of the Covenant. The security of ballot boxes must be guaranteed and votes should be counted in the presence of the candidates or their agents. There should be independent scrutiny of the voting and counting process and access to judicial review or other equivalent process so that electors have confidence in the security of the ballot and the counting of the votes. Assistance provided to the disabled, blind or illiterate should be independent. Electors should be fully informed of these guarantees." [undirstrikun SÖH]

Breytingar á atkvæðatölum

30. Endurtalningu lauk um kl. 18.05 þann 26. september 2021 og voru niðurstöður hennar svohljóðandi:

Stjórnmalaflokkur	Atkvæðafjöldi	Endurtalning	Breyting
Framsóknarflokkur B listi	4443	4448	5
Viðreisn C listi	1072	1063	-9
Sjálfstæðisflokkur D listi	3887	3897	10
Flokkur fólksins F listi	1513	1510	-3
Sósíalistaflokkur J listi	721	728	7
Miðflokkur M listi	1283	1278	-5
Frjálslyndi lýðræðisfl. O listi	72	73	1
Píratar P listi	1082	1081	-1
Samfylking S listi	1196	1195	-1
Vinstri hreyf. grænt framboð V listi	1979	1978	-1
Auðir seðlar	394	382	-12
Aðrir ógildir seðlar	24	35	11
Heildarfjöldi greiddra atkvæða	17666	17668	2

31. Skýringar í fundargerð og greinargerð yfirkjörstjórnar á breytingum á atkvæðatölum eru snaggaralegar og veita mjög takmarkaðar upplýsingar um hvað fór raunverulega úrskeiðis hjá yfirkjörstjórninni.

Fjölgun greiddra atkvæða og afstemming atkvæða

32. Í 2. málsl. 1. mgr. 99. gr. kosningalaga er fjallað um afstemmingu atkvæða en þar segir:

Yfirkjörstjórn [eða umdæmiskjörstjórn] ¹⁾ skal kanna hvort tala kjósenda, sem greitt hafa atkvæði samkvæmt kjörbókum undirkjörstjórnna, sé í samræmi við afhenta atkvæðaseðla og skráðar athugasemdir undirkjörstjórnna.

33. Í 2. málsli. 4. mgr. 103. gr. laganna segir svo:

Skal þess gætt að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra sem atkvæði hafa greitt samtals í kjördæminu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

34. Í fundargerð yfirkjörstjórnarinnar segir að í kjölfar þess að kjörkassar bárust á talningarstað hafi þeir verið opnaðir þegar og farið yfir gerðabækur og skýrslur sem fylgdu þeim þegar upphaflega var talið. Svo segir:

„Eftir að afstemming hafði farið fram fóru atkvæðaseðlar í flokkun og seinna í talningu eftir að hún hófst.“

35. Þetta vekur athygli enda er vandséð hvernig heildarfjöldi greiddra atkvæða geti verið á reiki að lokinni afstemmingu. Það virðist hins vegar hafa verið raunin, enda fjölgaði greiddum atkvæðum úr 17.666 í 17.668 á milli talninga sem ætti að vera illmögulegt að lokinni afstemmingu yfirkjörstjórnarinnar. Í fundargerð yfirkjörstjórnarinnar segir eingöngu um þetta atriði að heildaratkvæðum hafi fjölgað um tvö vegna innsláttarvillu í lok fyrri talningar.

36. Ætla mætti, og er raunar kveðið sérstaklega á um það í ofangreindum ákvæðum kosningalaga, að í afstemmingu felist m.a. samanburður á fjölda greiddra atkvæða og ónotaðra afgangsseðla. Samtala þeirra ætti að nema afhentum seðlum til yfirkjörstjórnar. Þannig hefði bæði talning fjölda greiddra atkvæða og afgangsseðla þurft að hafa nákvæmlega sömu skekkju til að þessi villa gæti hafa farið fram hjá yfirkjörstjórninni.

Fækkun auðra seðla

37. Það vekur sérstaka athygli að auðum seðlum fækkaði um 12 við endurtalningu. Almennt verður að telja að fækkun auðra seðla sé tortryggilegri en breyting á fjölda annarra atkvæða, enda er mögulegt að breyta auðum seðli í atkvæði til einstaks framboðs án þess að nokkur merkjanleg eða rekjanleg ummerki um svindl sjáist á seðlinum við endurtalningu.

38. Skýringin á þessu misræmi er sögð sú að 11 af þessum seðlum hafi verið ógildir en hafi fyrir mistök verið taldir með auðum seðlum.

Fjölgun ógildra seðla

39. Í fundargerð yfirkjörstjórnarinnar er bókað að enginn ágreiningur hafi verið um ógilda kjörseðla þegar atkvæðin voru upphaflega talin, en ekki er getið um fjölda þeirra í bókuninni né ástæður þess:

„Enginn ágreiningur varð um þá kjörseðla sem voru taldir ógildir því þeir voru allir án vafa ógildir.“

40. Er þetta í andstöðu við 1. mgr. 103. gr. kosningalaga:

■ 103. gr. [Nú kemur yfirkjörstjórn, eftir atvikum umdæmiskjörstjórn, og umboðsmönnum lista saman um að einhver kjörseðill sé ógildur og skal hann þá

ógildan telja. Verði ágreiningur um gildi kjörseðils skal úrskurða ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir. Bóka skal í gerðabók hve margir kjörseðlar eru ógildir og ástæður þess. [fundirstrikun SÖH]

41. Þegar talningu lauk kl. 7.15 var fjöldi ógildra seðla 24, en fjölgaði síðar í 35 við endurtalningu. Það sætir nokkurri furðu að þetta hafi ekki vakið eftirtekt yfirkjörstjórnarinnar, þ.e. að yfirkjörstjórnin hafi upphaflega tilkynnt um 24 ógilda seðla, þegar hún átti sjálf að hafa rætt og skoðað jafnóðum 35 kjörseðla og komist að sameiginlegri niðurstöðu um ógildi þeirra þegar um nóttina eða morguninn. Þegar hefur verið bent á að auðvelt er að breyta auðum kjörseðli í seðil sem virðist vera gilt atkvæði. Að sama skapi er auðvelt að breyta gildu atkvæði í ógilt. Vegna ófullnægjandi varðveislu kjörgagna og þess að atkvæðatölur allra framboða breyttust milli talninga, sbr. neðangreint, er engin leið að öðlast vissu um að slíkar breytingar hafi ekki verið gerðar.

Aðrar breytingar á atkvæðatölum

42. Í fundargerðinni segir að nokkur fjöldi hafi mislagst í ranga bunka og útskýri það breytingar á atkvæðum Viðreisnar og Sjálfstæðisflokks. Skýring yfirkjörstjórnar er sú að þarna hafi átt sér stað yfirsjón sem hún segir mega rekja til mannlegra mistaka. Svo mikil mistök ættu ekki að hafa getað gerst ef gætt hefði verið að vandvirkni við flokkun og talningu atkvæða. Mætti ætla að hefðbundið verklag við flokkun og talningu sem aðrar kjörstjórnir hafa tamið sér hefði komið í veg fyrir að svo mörg atkvæði hefðu mislagst. Yfirkjörstjórnin segist sjálf hafa unnið eftir slíku verklagi, en í greinargerð hennar segir:

„Eftir að kjörkassar bárust á talningarstað á Hótel Borgarnesi, sbr. meðfylgjandi fundargerð, fór afstemming fram, í kjölfarið voru atkvæði flokkuð í alla vega tveimur umferðum og síðan voru þau talin í alla vega tveimur umferðum. Bæði flokkun og talning gekk á milli talningarfólks.“

43. Það er óskiljanlegt að svo miklar breytingar hafi átt sér stað og að hver einasti atkvæðaflokkur hafi verið ranglega talinn, þegar atkvæði voru flokkuð í „allavega tveimur umferðum og síðan talin í alla vega tveimur umferðum“.

44. Að lokum segir svo að í fundargerð yfirkjörstjórnarinnar:

„Allar aðrar breytingar eru vegna þess að eitt og eitt atkvæði hafði mislagst í atkvæðabunkum“

45. Þessi skýring veitir mjög takmarkaðar upplýsingar um hvað misfórst við talningu atkvæðanna. Þá rímar þessi skýring kjörstjórnar ekki við niðurstöður endurtalningarinnar (sjá 3030. mgr. kæru þessarar), en þar má sjá að breytingar á atkvæðafjölda einstakra framboðslista voru þónokkrar. Þannig fjölgaði atkvæðum Framsóknarflokks um 5 (þar af 4 óútskýrð), atkvæðum Sósíalístaflokks fjölgaði um 7 (án nokkurra útskýringa) og atkvæðum Miðflokks fækkaði um 5 (án nokkurra útskýringa).

46. Í besta falli bendir ofangreint til hroðvirknislegra vinnubragða yfirkjörstjórnarinnar við flokkun og talningu atkvæðanna sem eru til þess fallin að rýra traust og trúverðugleika á

störfum hennar og niðurstöðum kosninganna. Er það sérstaklega bagalegt sökum þess að kjörgögnin voru ekki tryggilega varðveitt með þeim hætti sem kosningalögin áskilja. Því er ekki hægt að segja með vissu hvort orsök þess að atkvæðatölur hvers einasta framboðs, auðra seðla, ógildra seðla og heildarfjöldi talinna atkvæða breyttust á milli talninga, séu slæm vinnubrögð kjörstjórnar eða sá raunverulegi möguleiki að átt hafi verið við kjörgögnin.

Samantekt um brot á kosningalögum í störfum yfirkjörstjórnarinnar

47. Hér að framan hefur verið lýst nokkrum fjölda ágalla og eftir atvikum brota á kosningalögum. Má þar helst nefna eftirfarandi atriði:

- a. Afstemming atkvæða, sbr. 2. másl. 1. mgr. 99. gr. og 3. mgr. 103. gr., en greiddum atkvæðum fjölgaði á milli talninga.
 - b. Ákvörðun ógildra atkvæðaseðla, sbr. 1. mgr. 103. gr., en yfirkjörstjórn færði ekki fjölda ógildra seðla né ástæður þeirra í fundargerðina. Þá fjölgaði ógildum seðlum úr 24 í 35 á milli talninga.
 - c. Frágangur og varðveisla kjörgagna, sbr. 104. gr., en kjörgögnin voru ekki innsigliuð og varðveisla kjörgagnanna virðist ekki hafa verið nægilega trygg.
 - d. Endurtalning án auglýsingar og án nægilegs fyrirvara, sbr. 2. mgr. 97. gr., með þeim afleiðingum að kjósendur og umboðsmenn gátu ekki fylgst með talningunni. Nær þetta til athugunar og talningar oddvita og yfirkjörstjórnarinnar frá kl. 11.46 og þar til talningarfólk var kallað til, sem og hinnar formlegu endurtalningar frá kl. 15, sem hófst áður en umboðsmenn höfðu tækifæri til að mæta.
 - e. Óvissa hvort lokaniðurstöður hafi verið sendar landskjörstjórn að lokinni talningu kl. 07.15, sbr. 2. mgr. 105. gr.
 - f. Umboðsmenn lista voru ekki viðstaddir talningu og fulltrúar í þeirra stað ekki kvaddir til, sbr. 2. mgr. 98. gr. og 93. gr.
 - g. Mistök, yfirsjón og óvönduð vinnubrögð við talningu, sem birtast í ólíkri lokaniðurstöðu kjörstjórnar og svo endurskoðaðri niðurstöðu að lokinni endurtalningu.
48. Af framangreindu verður að telja að ótrygg varðveisla kjörgagna vegi þyngst, enda útilokar hún vissu um að ekki hafi verið átt við kjörgögnin og því getur ekki ríkt traust um að niðurstöður endurtalningarinnar séu réttar.
49. Hér ber, í samræmi við réttarframkvæmd, að beita heildarmati þar sem ótrygg varðveisla kjörgagna er tekin saman við aðra annmarka á framkvæmd talningar í Norðvesturkjördæmi. Þó einstakir þættir sem hér hefur verið gerð grein fyrir geti hver fyrir sig talist til verulegra annmarka, er krafan um ógildingu kosninganna enn skýrari þegar þeir eru teknir saman og því óhjákvæmilegt að ógilda kosningu allra framboðslista í Norðvesturkjördæmi og kjósa þar að nýju, sbr. 115. og 121. gr. kosningalaga.

Um úrskurðarvald Alþingis um lögmati eigin kosninga

50. Í 46. gr. stjórnarskrárinnar segir:

■ 46. gr.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi.

51. Þessu til fyllingar standa svo ákvæði þingskaparlaga og 36. gr. og 120.-121. gr. kosningalaga:

2. og 3. mgr. 1. gr. þingskaparlaga

Á fyrsta fundi þingsins eftir kosningar til Alþingis skal kjósa níu þingmenn í nefnd eftir reglum [82. gr.] til þess að prófa kjörbréf og kosningu nýkjörinna þingmanna og varþingmanna. Nefndin kýs sér formann og framsögumann og gerir tillögu til þingsins um hvort kosning og kjörgengi þingmanns skuli talin gild. [Tillögurnar má bera upp munnlega, án nokkurs fyrirvara, og greiða má atkvæði um þær í einu lagi.]

Þegar kjörbréf hafa verið gefin út að loknum alþingiskosningum og áður en Alþingi kemur saman er starfandi forseta, sbr. 2. mgr. 6. gr., heimilt að kveðja saman nefnd níu kjörinna alþingismanna til að undirbúa þá rannsókn kjörbréfa sem fer fram á þingsetningarfundi skv. 2. mgr. Við val í nefndina skal fylgja hlutfallsreglu 82. gr. Þingflokkar sem þannig fá ekki fulltrúa í nefndina mega tilnefna áheyrnarfulltrúa.

4. gr. þingskaparlaga

Kjörbréfanefnd skv. 1. gr. skal einnig prófa kjörbréf er síðar koma fram, svo og rannsaka kosningar og kjörgengi, er þingið hefur frestað að taka gild, og kærur yfir kosningum eða kjörgengi er þegar eru tekin gild.

Ef nefnd þessi lætur uppi skriflega tillögu eða ef hún leggur til að kosning skuli teljast ógild skulu tillögur hennar ræddar eftir reglunum um 2. umræðu lagafrumvarpa Ella fer um tillögur nefndarinnar eftir því sem ákveðið er um tillögur hennar í 1. gr.

[Þegar stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, sbr. 13. gr., hefur verið kjörin, tekur hún við verkefnum kjörbréfanefndar skv. 1. mgr.]

5. gr. þingskaparlaga

Þingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurðað kosningu ógilda þótt eigi hafi hún kærð verið og einnig frestað að taka kosningu gilda til þess að fá skýrslur. Svo er og um kosningu þingmanns er eigi er kominn, eða kjörbréf hans, þá er þing er sett.

Sama er um kjörgengi.

Að öðru leyti tekur þingið eigi upp hjá sjálfu sér að rannsaka kosningar eða kjörgengi en gerir það því aðeins að kært sé yfir þeim.

Kæru yfir kosningu þingmanns eða kjörgengi skal því aðeins taka til greina að hún sé komin til Alþingis í byrjun þings næst á eftir kosningu eða áður en kosning þingmanns er tekin gild á Alþingi.

Við prófun kosninga og kjörgengis hefur sérhver þingmaður fullan þingmannsrétt. En fresti þingið úrskurði um kjörbréf þingmanns þá tekur hann engan þátt í störfum þingsins uns það mál er útkljáð og kosning hans og kjörgengi viðurkennd.

36. gr. kosningalaga

■ Ekki er nauðsynlegt að kjörgengi frambjóðenda sé sannað fyrir yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn, en Alþingi úrskurðar um kjörgengi þeirra sem kosnir eru jafnframt því sem það úrskurðar um hvort nýkosnir þingmenn séu að öðru leyti löglega framboðnir og kosnir.

120. gr. kosningalaga

■ Ef Alþingi berst kæra um að nýkosinn þingmann skorti skilyrði fyrir kjörgengi eða sé á annan hátt ólöglega framboðinn eða kosinn rannsakar það kæruna og fellir úrskurð um hana jafnframt því sem það rannsakar kjörbréf hvers nýkosins þingmanns ásamt gögnum þeim er Alþingi berast frá landskjörstjórn og yfirkjörstjórn viðvikjandi kosningu hans, og úrskurðar um gildi kosningarinnar á þann hátt sem nánar er fyrir mælt í þingsköpum.

Ef þingmaður er ekki kjörgengur úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

Ef þeir gallar eru á framboði eða kosningu þingmanns sem ætla má að hafi haft áhrif á úrslit kosningarinnar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda og einnig án þess ef þingmaðurinn sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafa vísvitandi átt sök á misfellunum, enda séu þær verulegar. Fer um alla þingmenn, kosna af listanum, eins og annars um einstakan þingmann ef misfellurnar varða listann í heild.

Ef þingmaður hefur verið í kjöri á tveimur listum í kjördæmi eða kjördæmum við hinar sömu alþingiskosningar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

121. gr. kosningalaga

■ Nú hefur Alþingi úrskurðað kosningu heils lista í kjördæmi ógilda, og skal þá uppkosning fara þar fram.

52. Í kæru þessari er lagt til grundvallar að orðalag 46. gr. stjórnarskrárinnar um að Alþingi skeri „sjálft“ úr um hvort þingmenn séu löglega kosnir, bendi til þess að gildi alþingiskosninga sé undanskilið lögsögu íslenskra dómstóla. Þó er allur réttur áskilinn vegna þessa og það nefnt að sú tilhögun að löggjafarþing úrskurði sjálf um lögmæti kosningar sinnar hefur verið talin andstæð skuldbindingum samkvæmt mannréttindasáttamála Evrópu, sbr. dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Mugemangango gegn Belgíu nr. 310/15.

53. Þótt Alþingi fari sjálft með úrskurðarvald um lögmæti kosninganna í Norðvesturkjördæmi er á því byggt að við meðferð úrskurðarvaldsins beri Alþingi að styðjast við þá mælikvarða sem dómstólar hafa mótað við mat á réttaráhrifum annmarka á framkvæmd kosninga, en þar

hafa komið til skoðunar annmarkar á framkvæmd sveitarstjórnarkosninga, kosningar til stjórnlagabings árið 2010 og forsetakosningar árið 2012. Þannig skiptir verulegu máli að vanda sérstaklega alla málsmeðferð vegna kæru þessarar, að staðið verði faglega að rannsókn Alþingis, og að málinu verði lokið með vel rökstuddri niðurstöðu um hvort þessir framangreindir annmarkar á kosningunni í Norðvesturkjördæmi leiði til ógildingar.

54. Í þessu sambandi vísar kærandi til 62. mgr. ofangreinds dóms MDE, en þar var m.a. gerð grein fyrir athugasemdum Fenejjarnefndarinnar vegna málsins. Fenejjarnefndin fjallaði um mikilvægi þess að í frjálsum kosningum sé skráðum kosningareglum fylgt í hvívetna til að sannreyna megi niðurstöður og engin vafi sé um niðurstöðurnar eða réttmæti þeirra. Þannig er lögmætisreglan sérstaklega áréttuð og að lögin gildi jafnt um alla þar sem vafi um annað myndi valda vantrausti og þar af leiðandi óvissu um réttmæti valds. Í þessu fælist að tryggja yrði formleg réttindi svo sem möguleikann á raunhæfum úrbótum og kærumeðferð sem byggji á meginreglunum um réttláta málsmeðferð, óháð því hvaða stjórnvöld færu með úrskurðarvaldið:

„62. The Venice Commission submitted that in free elections, the choice of representatives had to comply with precise rules whose application had to be verifiable and to leave no room for uncertainty or arbitrariness. The principle of the rule of law included the principle of legality, which encompassed supremacy of the law and compliance with the law. One of the other principles of the rule of law was that the law had to be the same for all: any doubts in that regard contributed to mistrust and hence the calling in question of the power of anyone who had abused the law or was suspected of being able to do so. Regardless of which authority had the power to deal with electoral disputes, the Venice Commission submitted that those principles could not be observed without ensuring procedural rights such as the existence of an effective remedy and a method of dealing with complaints that was based on the principles of a fair trial.“

55. Í dóminum er greint frá afstöðu dönsku ríkisstjórnarinnar til þess álitamáls sem uppi var, en danska stjórnarskráin er sambærileg þeirri íslensku að því leyti að hún gerir ráð fyrir úrskurðarvaldi danska þingsins um lögmæti eigin kosninga. Greinargerð danska ríkisins til Mannréttindadómstólsins er svo lýst í 66. mgr. dómsins:

„The Government of Denmark submitted that neither Article 3 of Protocol No. 1 nor Article 13 of the Convention could require States to abolish long-established electoral systems in which parliaments validated their members' credentials. In their view, where the Court sought to establish whether an electoral system provided sufficient safeguards against arbitrariness, it should conduct an overall assessment of all the relevant factors, including the specific context and the democratic tradition of the State in question. States had a wide margin of appreciation where the right to stand for election was in issue. Access to a judicial remedy was only one of the many factors to be taken into account in determining whether a system of validation of credentials was in conformity with the Convention. The Court should attach significant weight

to the discretion enjoyed by Parliament: if clear and accessible rules and procedures regulated the holding of elections and thus limited the scope of Parliament's discretion, this significantly minimised the risk of arbitrary action and politically motivated decisions, and was therefore indicative of a system that ensured the fairness and objectivity required by the Convention. Thus, the absence of access to judicial review of Parliament's decision to validate its members' credentials would not in itself breach Article 3 of Protocol No. 1 taken alone or in conjunction with Article 13 of the Convention."

56. Mannréttindadómstóllinn taldi hins vegar að tilhögun belgíska þingsins, sem málið varðaði, bryti gegn 3. gr. 1. viðauka mannréttinasáttmála Evrópu um réttinn til frjálsra kosninga. Þar leggur dómstóllinn áherslu á hlutlægnisskyldu og segir í 70. mgr. dómsins:

„For the examination of appeals to be effective, the decision-making process concerning challenges to election results must be accompanied by adequate and sufficient safeguards ensuring, in particular, that any arbitrariness can be avoided. In particular, the decisions in question must be taken by a body which can provide sufficient guarantees of its impartiality. Similarly, the discretion enjoyed by the body concerned must not be excessive; it must be circumscribed with sufficient precision by the provisions of domestic law. Lastly, the procedure must be such as to guarantee a fair, objective and sufficiently reasoned decision[...].“

57. Svo leggur Mannréttindadómstóllinn til grundvallar tvo mælikvarða við mat sitt, annars vegar hvort að kvartanir varðandi framkvæmd kosninga séu nægilega alvarlegar og rökstuddar (e. „sufficiently serious and arguable“) og hins vegar hvort að þær hafi fengið raunhæfa rannsókn (e. „effective examination“). Um síðari mælikvarðann segir í 87. mgr. dómsins:

„In order to determine whether the applicant's complaint received an effective examination, the Court must ascertain whether the relevant procedure provided for by domestic law afforded adequate and sufficient safeguards ensuring, in particular, that any arbitrariness could be avoided (see paragraph 70 above). Such safeguards serve to ensure the observance of the rule of law during the procedure for examining electoral disputes, and hence the integrity of the election, so that the legitimacy of Parliament is guaranteed and it can thus operate without the risk of any criticism of its composition. What is at stake is the preservation of the electorate's confidence in Parliament (see, mutatis mutandis, Magyar Kétfarkú Kutya Párt v. Hungary [GC], no. 201/17, § 99, 20 January 2020). In that respect, these safeguards ensure the proper functioning of an effective political democracy and thus represent a preliminary step for any parliamentary autonomy.“

58. Í 93. mgr. dómsins kemur fram að Mannréttindadómstóllinn líti til þriggja atriða við mat á því hvort kvartanir hafi fengið raunhæfa rannsókn: (1) hlutlægnistryggingar þess sem úrskurðar, (2) umfang og skilgreiningar á úrskurðarvaldinu og (3) hvort málsmeðferðin hafi verið þannig að hún tryggi sanngjarna, málefnalega og nægilega rökstudda ákvörðun:

„93. In accordance with the Court’s case-law (see paragraph 70 above), its review will focus in particular on: (α) the guarantees of impartiality provided by the decision-making body; (β) the extent and definition in law of its discretion; and (γ) whether the procedure was such as to guarantee a fair, objective and sufficiently reasoned decision.“

59. Í kæru þessari er ekki tekin afstaða til þess hvort það fyrirkomulag stjórnarskrárinnar að Alþingi úrskurði sjálft um lögmati eigin kosninga fullnægi þessum kröfum, en lögð er á það áhersla að Alþingi geri allt sem í valdi þessu stendur til að vanda til verka, gæti að þessum skilyrðum og minnki þannig líkur á því að niðurstaða þess leiði síðar til áfellsdóms fyrir Mannréttindadómstólnum.
60. Núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir því að Alþingi úrskurði sjálft á grundvelli 120. gr. kosningalaga um hvort að ógilda beri kosningarnar, en samkvæmt greininni geta tvenns konar ágallar á kosningu þingmanns leitt til ógildingar. Annars vegar ef „ætla má“ að annmarki hafi haft áhrif á úrslit kosningar og hins vegar ef þingmaður, umboðsmaður eða meðmælendur eiga sök á því að annmarki var á kosningu og skiptir þá ekki máli hver áhrif annmarkans voru. Ekkert bendir til að þingmenn, umboðsmenn eða meðmælendur hafi sýnt af sér saknæmt atferli við framkvæmd kosninga í Norðvesturkjördæmi og kemur síðara skilyrðið því ekki til nánari skoðunar.
61. Kemur því til athugunar hvenær megi ætla að annmarki hafi haft áhrif á úrslit kosninga. Auk dómaframkvæmdar vísar kærandi til fræðigreinar Gunnars Páls Baldvinssonar og Valgerðar Sólness um réttaráhrif annmarka á framkvæmd kosninga sem birtist í afmælisriti Páls Sigurðssonar árið 2014. Þar er rakið að almennt hafi verið talið að margir smávægilegir ágallar geti ekki ráðið kosningaúrslitum og hið sama gildi um margar smávægilegar misfellur af hálfu kjörstjórnar eða kjörstjóra. Um þetta atriði má vísa til athugasemda með frumvarpi að lögum um kosningar til Alþingis frá árinu 1933 en þar segir um 143. og 145. gr. frumvarpsins, sem eru samhljóða núgildandi 118. og 120. gr. kosningalaga:

„Stjórnarskráin mælir svo fyrir, að Alþingi úrskurði um gildi kosninga. Hér er einungis sagt fyrir um undirbúning þess, að þingið taki fyrir kærur frá kjósendum um kosningar.

Út af ákvæðum þessarar gr. er tæpast ástæða til að benda á annað en það, að í gr. eru settar nokkrar reglur, um hversu Alþingi skuli úrskurða um kosningu þingmanna. Smávægilegir gallar á kosningum eiga auðvitað ekki að geta valdið ógildingu kosningar. Ef um ekkert óheiðarlegt athæfi er að ræða, á ekki að ónýta kosningu þingmanns, nema ætla megi, að það sem áfátt er, hafi haft áhrif á úrslitin, enda verður að telja, að Alþingi hafi venjulega fylgt þeirri reglu. Hafi þingmannsefni sjálft átt sök á misfellunum, er rétt að ónýta kosninguna, ef um veruleg atriði er að ræða. Vafasamara er, þegar umboðsmenn eða meðmælendur eiga sökina, því að afleiðingarnar geta þá komið niður á saklausum.“

62. Einnig má um þetta atriði vísa til hliðsjónar í athugasemdir með frumvarpi að sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986 en þar segir að það leiði „væntanlega af eðli máls, að ekki beri að ógilda kosningar að öllu leyti, ef hægt er að bæta úr því sem áfátt er með ógildingunni að hluta eða öðrum réttarræðum“. Í fræðigreini Gunnars Páls og Valgerðar segir svo:

„Þótt orðalagið gefi til kynna að oftast skuli beita einhvers konar sérstökum mælikvarða við mat á réttaráhrifum formannmarka útilokar það á hinn bóginn ekki að tilvist annmarka kunni ein og sér að leiða til ógildingar, enda nægjanlegt að „ætla meg“ að annmarkinn hafi haft áhrif. Með öðrum orðum getur formannmarki verið þess eðlis að hann teljist verulegur án tillits til þess hvort fyrir liggir að hann hafi haft áhrif á efni þeirrar ákvörðunar sem tekin var.“

63. Í því sambandi má vísa til þess að þó ekki hafi orðið breyting á heildarfjölda þingsæta einstakra framboðslista á landinu öllu eftir endurtalninguna, hrintu niðurstöðu hennar af stað hringekju við útteilingu jöfnunarþingsæta, þannig að fimm jöfnunarmenn féllu út en aðrir fimm komu inn. Þannig hafði breyting áhrif á kosningu 10 frambjóðenda til Alþingis. Þessu til viðbótar hafði endurtalning áhrif á skipan þingmanna Norðvesturkjördæmis, þar sem kjósendur Viðreisnar í kjördæminu misstu tilvonandi þingmann sinn, Guðmund Gunnarsson, en kjósendur Miðflokksins fengu í staðinn Bergþór Ólason. Skilyrði 3. mgr. 120. gr. kosningalaga um að „ætla meg“ að annmarki hafi haft áhrif á „úrslit kosningarinnar“ snýst að sjálfsgöðu um það hvaða einstaklingar teljast kjörnir á þing enda eru það þau „úrslit“ sem kosningarnar leitast við að ná fram. Þessu til frekari stuðnings er vísað til 48. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um að alþingismenn séu eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum. Því skiptir máli hvaða einstaklingar gegna þessum störfum, en ekki eingöngu að stærð einstakra þingflokka hafi ekki raskast á milli talninga. Í þessu sambandi er enn fremur vísað til þess að landskjörstjórn hefur sjálf sagt að „frávik í niðurstöðum kosninganna í Norðvesturkjördæmi frá því sem kynnt hafði verið í fjölmiðlum reyndust hafa umtalsverð áhrif á úthlutun jöfnunarsæta“ [leturbreytingar SÖH], sbr. bókun landskjörstjórnar 1. október 2021 (fskj. 7).

64. Að því sögðu er ljóst að breytt úrslit í Norðvesturkjördæmi höfðu umtalsverð áhrif á skipan þings, bæði í Norðvesturkjördæmi sem og á landinu öllu. Verður af þeim ástæðum að gera enn ríkari kröfur til réttar framkvæmdar.

65. Hæstiréttur hefur í a.m.k. tveimur tilvikum varðandi sveitarstjórnarkosningar (Hrd. 1982, bls. 192 og Hrd. 1994, bls. 2640) og einnig í ákvörðun sinni um stjórnlagabingskosningar frá 25. janúar 2011 ógilt kosningar þar sem öryggi og leynd kosninga voru í hættu án þess að lægu fyrir bein áhrif á niðurstöður kosninga. Í öðrum dóminum (Hrd. 1994, bls. 2640) leggur Hæstiréttur til grundvallar að sá ágalli sem þar var til skoðunar (gallaðir kjörseðlar) sé “í eðli sínu til þess fallinn að hafa áhrif á úrslit kosningarinnar” án þess að því yrði slegið nákvæmlega föstu í því tilviki. Gunnar Páll Baldvinsson og Valgerður Sólnes benda á, í fyrrnefndri fræðigreini, að í þessum tilvikum virðist Hæstiréttur hafa álitnið að ómögulegt hafi verið að staðreyna hver áhrifin á niðurstöður kosninganna gætu hafa verið og að slík óvissa sé ólíðandi í lýðræðissamfélagi. Kærandi telur, sem fyrr segir, að áhrif annmarka í

Norðvesturkjördæmi á niðurstöður kosninga séu augljósar: Fyrst var framkvæmd talning í samræmi við lög og lokatölur tilkynntar en síðan var farið á svig við lög með ýmsum hætti og kjörgögn skilin eftir ótrygg og í kjölfarið nýjar og breyttar tölur tilkynntar og þannig komu fram bein áhrif á úrslit kosningarinnar. Telji Alþingi einhvern vafa leika á þessu orsakasamhengi benda fyrrnefndir dómar þrátt fyrir það til þess að ógilda verði kosningarnar enda leiðir hin ótrygga meðferð kjörgagna til þess að ómögulegt er að fá vissu til þess hver vilji kjósenda í Norðvesturkjördæmi var í raun réttur.

66. Sökum fjölþættra brota yfirkjörstjórnarinnar á kosningalöggjöfinni og sleifarlags við talningu atkvæða er útilokað að veita kæranda eða kjósendum vissu fyrir lögmæti kosningaúrslitanna. Það skiptir öllu máli við úrlausn kæru þessar, en því til stuðnings er vísað til 87. mgr. áðurnefnds dóms Mannréttindadómstólsins:

„[...] the Court must ascertain whether the relevant procedure provided for by domestic law afforded adequate and sufficient safeguards ensuring, in particular, that any arbitrariness could be avoided (see paragraph 70 above). Such safeguards serve to ensure the observance of the rule of law during the procedure for examining electoral disputes, and hence the integrity of the election, so that the legitimacy of Parliament is guaranteed and it can thus operate without the risk of any criticism of its composition. What is at stake is the preservation of the electorate’s confidence in Parliament.“

67. Í kæru þessari hafa verið raktir fjölmargir annmarkar á framkvæmd kosninga í Norðvesturkjördæmi. Er á því byggt að þessir annmarkar teljist verulegir og því beri að ógilda kosninguna og kjósa að nýju í Norðvesturkjördæmi. Í því sambandi er vísað til orðalags Hæstaréttar í ákvörðun frá 25. janúar 2011 um gildi kosninga til stjórnlagabings og eru þau gerð að lokaorðum kæru þessarar:

„Skal í því sambandi áréttað að ekki er nóg að rétt sé talið ef ekki ríkir traust um að þannig hafi verið að verki staðið.“

Reykjavík, 4. október 2021

Virðingarfyllt,


Sigurður Örn Hilmarsson, lögmaður

FYLGISKJÖL

1. Fundargerð yfirkjörstjórnarinnar, dags. 25-26. september 2021
2. Greinargerð yfirkjörstjórnarinnar, dags. 28. september 2021

3. „Lokatölur úr Norðvesturkjördæmi“, frétt af ruv.is, dags. 26. september 2021
4. „Telja öll atkvæði aftur í Norðvesturkjördæmi“, frétt af visir.is, dags. 26. september 2021
5. „Viðurkennir að hafa ekki innsiglað kjörseðla og ber fyrir sig hefð“, frétt af visir.is, dags. 26. september 2021
6. „Ingi útilokar kosningasvindl en hættir sem formaður: „Allar vangaveltur um slíkt er bara bull““, frétt af mannlif.is, dags. 27. september 2021
7. Bókun landskjörstjórnar, dags. 1. október 2021
8. „Ætlar ekki að skoða upptökur úr öryggismyndavélum“ frétt af stundin.is, dags. 28. september 2021
9. Bókun umboðsmanns Samfylkingar til yfirkjörstjórnar, dags. 27. september 2021

FUNDARGERÐ

Laugardaginn 25. september 2021 kl. 09:30 kom yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis saman til fundar á Hótel, Borgarnesi. Við upphaf fundar voru mætt Ingi Tryggvason oddviti og Guðrún Sighvatsdóttir. Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir mætti kl. 10:30 og aðeins seinna komu til fundarins Bragi R. Axelsson og Katrín Pálsdóttir.

Þá er mætt Berglind Lilja Þorbergsdóttir starfsmaður yfirkjörstjórnar.

Tilfni fundarins eru kosningar til Alþingis.

Fram eftir degi voru verkefni yfirkjörstjórnar undirbúningur fyrir flokkun og talningu atkvæða að loknum kjörfundi, taka saman tölur um kjörsókn og svara fyrirspurnum frá kjörstjórnnum í kjördæminu.

Kjörsókn var þessi:

Kl. 11:30 11,32%

Kl. 15:00 35,8%

Kl. 17:30 51,72%

Kl. 17:30 kom fyrsti kjörkassi á talningarstað frá kjördeildinni á Sauðárkróki. Flutninginn annaðist lögreglan á Norðurlandi vestra og Hilmar Hilmarsson lögreglumaður afhenti kassann.

Kl. 17:50 sóttu Ingi Tryggvason og Katrín Pálsdóttir kjörkassa í kjördeildina í Borgarnesi.

Kl. 18:17 komu kjörkassar úr fjórum kjördeildum á Akranesi. Flutninginn annaðist Björgunarveitin Brák og kassinn var afhentur af Kötlu Gunnarsdóttur og Jakob Mrozck.

Kl. 18:48 kom kjörkassi frá kjördeildunum í Ólafsvík, Grundarfirði og Stykkishólmi. Flutninginn annaðist Björgunarveitin Brák og var kassinn afhentur af Gunnari Erni Kárasyni.

Kl. 19:22 kom þrjú kjörkassar úr kjördeildum á Ísafirði. Flutninginn annaðist lögreglan á Vestfjörðum og var kassinn afhentur af Árna Ívarssyni lögreglumanni.

Talningarfólk kom á staðinn um kl. 18:30 og kl. 19:10 hófst flokkun atkvæða og þá var salnum þar sem talið var lokað fyrir utanaðkomandi.

Kl. 20:30 kom kjörkassi úr Skorradalshreppi og var hann afhentur af Davíð Péturssyni.

Kl. 21:30 komu kjörkassar úr kjördeildum í Lyngbrekku og Lindartungu í Borgarbyggð. Kassarnir var afhentur af Guðna Haraldssyni.

Kl. 22:40 komu kjörkassar úr Dalabyggð, Reykhólahreppi, Strandabyggð, Kaldrananeshreppi og Árneshreppi. Kassarnir voru fluttir og afhentir af Sveini Gestssyni og Valdísi Einarsdóttur kjörstjórnarfólki í Dalabyggð.

Kl. 22:48 kom kjörkassi úr Hvalfjarðarsveit og var hann afhentur af Guðmundi Ólafssyni kjörstjórnarmanni.

Kl. 23:40 komu kjörkassar úr kjördeildunum í Brúarási og Kleppjársreykjum í Borgarbyggð og voru þeir afhentir af Guðmundi Sigurðssyni kjörstjórnarmanni.

Kl. 23:45 kom kjörkassi úr kjördeildinni í Þinghamri, Borgarbyggð, og var hann afhentur af Erlu Gunnlaugsdóttur kjörstjórnarmanni.

Kl. 23:55 kom kassi úr kjördeildinni í Borgarnesi og var hann afhentur af Finnboga Rögnvaldssyni kjörstjórnarmanni.

Kl. 01:03 komu kjörkassar frá Húnaþingi vestra, Húnavatnshreppi, Blönduósi, Skagaströnd og Skagabyggð. Flutninginn annaðist lögreglan á Norðurlandi vestra og voru kassarnir afhentir af Hilmari Hilmarssyni lögreglumanni.

Kl. 01:50 komu kjörkassar úr fjórum kjördeildum á Akranesi. Flutninginn annaðist Björgunarsveitin Brák og kassarnir voru afhentir af Kötlu Gunnarsdóttur og Jakob Mrozek.

Kl. 01:55 komu kjörkassar úr Snæfellsbæ (kjördeildir í Ólafsvík, á Hellissandi og á Lýsuhóli), Stykkishólmi, Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit. Flutninginn annaðist Björgunarsveitin Brák og kassarnir voru afhentir af Gunnari Erni Kárasyni.

Kl. 02:13 komu kjörkassar úr Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Flutninginn annaðist lögreglan á Norðurlandi vestra og voru kassarnir afhentir af Matthíasi H. Guðmundssyni lögreglumanni.

Kl. 04:03 komu kjörkassar frá Vesturbyggð, Tálknafirði, Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhreppi. Flutninginn annaðist lögreglan á Vestfjörðum og voru kassarnir afhentir af Ingvari Jakobssyni lögreglumanni.

Í kjölfarið á því að kjörkassar bárust á talningarstað voru þeir opnaðir og farið yfir gerðarbækur og skýrslur sem fylgdu þeim. Eftir að afstemming hafði farið fram fóru atkvæðaseðlar í flokkun og seinna í talningu eftir að hún hófst.

Enginn ágreiningur varð um þá kjörseðla sem voru taldir ógildir því þeir voru allir án vafa ógildir.

Meðan á talningu stóð voru umboðsmenn þessarar framboða viðstaddir alla vega hluta af þeim tíma sem talning stóð yfir:

- Flokkur fólksins Ágúst Heiðar Ólafsson

- Samfylking Guðrún Vala Elísdóttir
- Sózialistaflokkur Ágústa Anna Ólafsdóttir
- Sjálfstæðisflokkur Þorsteinn Pálsson
- Viðreisn Eiríkur Þór Theodórsson
- Vinstri grænir Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir

Talningu atkvæða lauk um kl. 07:15 og talningarfólk yfirgaf þá staðinn.

Niðurstaðan var þessi:

Stjórnmalaflokkur:	Atkvæðafjöldi:
• Framsóknarflokkur B listi	4.443
• Viðreisn C listi	1.072
• Sjálfstæðisflokkur D listi	3.887
• Flokkur fólksins F listi	1.513
• Sózialistaflokkur J listi	721
• Miðflokkur M listi	1.283
• Frjálslyndi lýðræðisfl. O listi	72
• Píratar P listi	1.082
• Samfylking S listi	1.196
• Vinstri hreyf. grænt framboð V listi	1.979
• Auðir seðlar	394
• Aðrir ógildir seðlar	24

Samtals greidd atkvæði 17.666

Fundi var frestað kl. 07:35 og ákveðið að honum yrði framhaldið kl. 13:00.

Meðan á fundarfrestun stóð voru kjörgögn geymd í salnum þar sem talningin fór fram en hann var læstur og öryggismyndavélar eru við inngang hans.

Kl. 11:46 kom oddviti aftur á talningarstað en um það leyti hafði Kristín Edwald formaður landskjörstjórnar samband við oddvitann og skýrði frá því að lítill munur væri á atkvæðafjölda að baka jöfnunarsætum í Norðvestur- og Suðurkjördæmi. Var því beint til yfirkjörstjórnar hvort tilefni væri til nánari skoðunar vegna þessa.

Kl. 12:15 mætti Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir á talningarstað.

Kl. 12:30 mætti Berglind Lilja Þorbergsdóttir starfsmaður yfirkjörstjórnar.

Kl. 13:00 mættu Guðrún Sighvatsdóttir, Bragi Axelsson og Katrín Pálsdóttir á talningarstað. Var fundi þá framhaldið.

Vegna ábendingar formanns landskjörstjórnar var ákveðið að fara yfir atkvæði greidd C lista Viðreisnar. Í fyrsta C atkvæðabunka sem oddviti tók upp reyndust vera átta atkvæði sem tilheyrðu D lista og eitt atkvæði sem tilheyrði B lista. Yfirkjörstjórn fór í framhaldi

yfir öll atkvæði C lista þ.e. athugaði hvort öll önnur en fyrrgreind atkvæði D og B lista tilheyrðu ekki örugglega C lista sem voru í bunkum merktum C. Svo reyndist vera en þá lá fyrir að mannleg mistök höfðu átt sér stað við talningu atkvæða undir morgun og níu atkvæði höfðu ranglega lent í atkvæðabunka C lista sem tilheyrðu öðrum framboðslistum. Með hliðsjón af þessu taldi yfirkjörstjórn ekki annað fært en að endurtelja öll atkvæði sem talin höfðu verið og yfirfara annað sem kynni að hafa leitt til þess að fyrrgreind niðurstaða um fjölda atkvæða hvers framboðslista væri ekki rétt.

Í kjölfarið var talningarfólk kallað út og oddviti hafði samband við umboðsmenn framboðanna og tilkynnti um endurtalninguna. Í því sambandi skal þess getið að vegna Pírata reyndi oddviti að hringja í Helga S. Þorsteinsson sem afhent hafði yfirkjörstjórn framboðslista flokksins en oddvita hafði láðst að uppfæra lista yfir umboðsmenn flokksins en það voru tveir efstu menn á framboðslista hans. Ekki náðist í Helga en skömmu síðar hafði Magnús Norðdahl samband við oddvita yfirkjörstjórnar þar sem hann hafði frétt af endurtalningunni. Magnús mætti síðan á talningarstað skömmu eftir að endurtalning hófst. Þannig af hálfu framboða voru þessir mættir:

Píratar	Magnús Norðdahl
Flokkur fólksins	Eyjólfur Ármannsson
Sósíalístaflokkur	Helga Thorberg
Viðreisn	Birta Þórðardóttir og Bjarney Bjarnadóttir
Vinstri græn	Þegar leið á talninguna var einnig mættur Guðmundur Gunnarsson Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir

Endurtalningin hófst um kl. 15:10 og fór þannig fram að fyrst var öllum atkvæðaseðlum flett og athugað hvort að í atkvæðabunkum hvers framboðslista væri ekki aðeins atkvæðaseðlar merktir viðkomandi framboði. Í framhaldi af því voru atkvæðaseðlar taldir að nýju í 50 seðla búnt. Endurtalningu lauk um kl. 18:05.

Niðurstaða endurtalningar var þessi:

Stjórnmalaflokkur:	Atkvæðafjöldi:
Framsóknarflokkur B listi	4.448
Viðreisn C listi	1.063
Sjálfstæðisflokkur D listi	3.897
Flokkur fólksins F listi	1.510
Sósíalístaflokkur J listi	728
Miðflokkur M listi	1.278
Frjálslyndi lýðræðisfl. O listi	73
Píratar P listi	1.081
Samfylking S listi	1.195
Vinstri hreyf. grænt framboð V listi	1.978
Auðir seðlar	382
Ógildir seðlar	35

Samtals greidd atkvæði 17.668

Vegna breytinga frá fyrri talningu tekur yfirkjörstjórn þetta fram:

- Heildaratkvæðum fjölgaði um tvö vegna innsláttarvillu í lok fyrri talningar
- Auðir seðlar voru í fyrri talningu taldir vera 394 en reyndust vera 382 og hafði því fækkað um 12. Skýringin á því er sú að 11 af þessum seðlum voru ógildir en höfðu fyrir mistök verið taldir með auðum seðlum. Einn seðill sem talinn hafði verið ógildur var það sannanlega ekki þar sem ekkert auðkenni var á honum nema X í kassanum fyrir framan viðkomandi listabókstaf. En það skal tekið fram að þessi atkvæðaseðill tilheyrði hvorki C né M lista.
- Atkvæðum C lista fækkaði um níu en þau höfðu mislagst í C bunka, en átta þeirra tilheyrðu D lista en eitt B lista.
- Atkvæðum D lista fjölgaði um 10 en þar af voru átta í atkvæðabunka C lista, sbr. ofanritað og tvö önnur höfðu mislagst í aðra bunka en D lista.
- Allar aðrar breytingar eru vegna þess að eitt og eitt atkvæði hafði mislagst í atkvæðabunkum.

Að lokinni endurtalningu var þeim sem voru á staðnum kynntar niðurstöður hennar.

Yfirkjörstjórn tekur fram að þær breytingar sem urðu við endurtalningu eru vegna mannglegra mistaka og harnar yfirkjörstjórn að þær hafi hátt sér stað og biðst velvirðingar á þeim. En með endurtalningunni telur yfirkjörstjórn að hún hafi leiðrétt þessi mistök.

Að lokinni endurtalningu voru kjörgögn þ.m.t. atkvæðaseðlar fluttir til geymslu í innsiglaðan fangaklefa á lögreglustöðinni í Borgarnesi og þar verða gögnin geymd þar til kærufrestur verður liðinn. Oddvita er falið að láta eyða gögnunum að kærufresti liðnum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:44.

Fundargerð ritaði Ingi Tryggvason

Upplesið, staðfest rétt.

Bragi R. Axelsson
Guðrún Sighvatsdóttir
Ingi Tryggvason
Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir
Katrín Pálsdóttir

Landskjörstjórn

Borgarnesi, 28. september 2021

Varðar: Framkvæmd kosninga til Alþingis 25. september 2021 og talning atkvæða.

Vísað er til beiðni landskjörstjórnar um greinargerð yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis vegna kosninga til Alþingis laugardaginn 25. september sl. Vegna þessa skal þetta tekið fram:

- Eftir að kjörkassar bárust á talningarstað á Hótel Borgarnesi, sbr. meðfylgjandi fundargerð, fór afstemming fram, í kjölfarið voru atkvæði flokkuð í alla vega tveimur umferðum og síðan voru þau talin í alla vega tveimur umferðum. Bæði flokkun og talning gekk á milli talningarfólks.
- Þegar ákvörðun um endurtalningu hafði verið tekin á sunnudag hringdi ég í umboðsmenn framboða þ.e. þeirra sem náðist til. En vegna þessa skal sértaklega tekið fram að vegna Pírata hringdi ég í þann aðila sem hafði afhent framboðslista þeirra á sínum tíma en hann svaraði ekki. Skömmu seinna hringdi Magnús Norðdahl, sem skipaði fyrsta sæti listans, til mín en hann hafði frétt af fyrirhugaðri endurtalningu. Hann tjáði mér að hann ætlaði að mæta en ég sagði honum að hugsanlegt væri að endurtalning yrði aðeins byrjuð þegar hann myndi koma á staðinn. Þeim umboðsmönnum sem voru mættir var gefinn kostur á að fara inn í salinn og fylgjast með endurtalningunni og Magnús fékk leyfi til að skoða með mér þá atkvæðaseðla sem voru auðir og þá sem höfðu verið úrskurðaðir ógildir.
- Endurtalning atkvæða fór þannig fram að fyrst var öllum atkvæðabunkum flett og athugað hvort atkvæði í hverjum bunka tilheyrðu örugglega ekki öll sama listabókstaf. Síðan voru öll atkvæði talin aftur í 50 atkvæðabunka.
- Þegar hlé var gert á fundi yfirkjörstjórnar á sunnudagsmorgun voru kjörgögn varðveitt í sal á Hótel Borgarnesi þar sem talningin fór fram. Við innganginn í salinn eru öryggismyndavélar. Að lokinni endurtalningur voru kjörgögn þ.m.t. atkvæðaseðlar flutt í innsiglaðan fangaklefa á lögreglustöðinni í Borgarnesi.
- Um það leyti sem ég mætti aftur á talningarstað rétt fyrir hádegi á sunnudaginn fékk ég símtal frá formanni landskjörstjórnar og athygli okkar var vakin á því að það munaði litlu varðandi uppbótarsæti í Norðvestur- og Suðurkjördæmi og hvort það gæfi okkur tilefni til að skoða málið nánar. Vegna ábendingarinnar var farið yfir atkvæði greidd C lista Viðreisnar. Í fyrsta C atkvæðabunka sem ég tók upp reyndust vera átta atkvæði sem tilheyrðu D lista og eitt atkvæði sem tilheyrði B lista. Í framhaldi af því fór yfirkjörstjórn yfir öll atkvæði C lista þ.e. athugaði hvort öll önnur en fyrrgreind atkvæði D og B lista tilheyrðu ekki örugglega C lista. Svo reyndist vera en þá lá fyrir að mannleg mistök höfðu átt sér stað við talningu atkvæða undir morgun og níu atkvæði höfðu ranglega lent í atkvæðabunka C lista sem tilheyrðu öðrum framboðslistum. Með hliðsjón af þessu taldi yfirkjörstjórn ekki annað fært en að endurtelja öll atkvæði sem

talinn höfðu verið og yfirfara annað sem kynni að hafa leitt til þess að fyrrgreind niðurstaða um fjölda atkvæða hvers framboðslista væri ekki rétt.

Niðurstaða talningar að morgni sunnudags var þessi:

Stjórnmalaflokkur:	Atkvæðafjöldi:
• Framsóknarflokkur B listi	4.443
• Viðreisn C listi	1.072
• Sjálfstæðisflokkur D listi	3.887
• Flokkur fólksins F listi	1.513
• Sózialistaflokkur J listi	721
• Miðflokkur M listi	1.283
• Frjálslyndi lýðræðisfl. O listi	72
• Píratar P listi	1.082
• Samfylking S listi	1.196
• Vinstri hreyf. grænt framboð V listi	1.979
• Auðir seðlar	394
• Aðrir ógildir seðlar	24

Samtals greidd atkvæði 17.666

Niðurstaða endurtalningar var þessi:

Stjórnmalaflokkur:	Atkvæðafjöldi:
• Framsóknarflokkur B listi	4.448
• Viðreisn C listi	1.063
• Sjálfstæðisflokkur D listi	3.897
• Flokkur fólksins F listi	1.510
• Sózialistaflokkur J listi	728
• Miðflokkur M listi	1.278
• Frjálslyndi lýðræðisfl. O listi	73
• Píratar P listi	1.081
• Samfylking S listi	1.195
• Vinstri hreyf. grænt framboð V listi	1.978
• Auðir seðlar	382
• Ógildir seðlar	35

Samtals greidd atkvæði 17.668

Vegna breytinga frá fyrri talningu tekur yfirkjörstjórn þetta fram:

- Heildaratkvæðum fjölgaði um tvö vegna innsláttarvillu í lok fyrri talningar
- Auðir seðlar voru í fyrri talningu taldir vera 394 en reyndust vera 382 og hafði því fækkað um 12. Skýringin á því er sú að 11 af þessum seðlum voru ógildir en höfðu fyrir mistök verið taldir með auðum seðlum. Einn seðill sem talinn hafði verið ógildur var það sannanlega ekki þar sem ekkert auðkenni var á honum nema X í kassanum fyrir framan viðkomandi listabókstaf. En það skal tekið fram að þessi atkvæðaseðill tilheyrði hvorki C né M lista.

- Atkvæðum C lista fækkaði um níu og höfðu þau mislagst en átta þeirra áttu að vera í D bunka og eitt í B bunka, sbr. framanritað.
- Atkvæðum D lista fjölgaði um 10 en þar af voru átta í atkvæðabunka C lista, sbr. ofanritað og tvö önnur höfðu mislagst í aðra bunka en D lista.
- Allar aðrar breytingar eru vegna þess að eitt og eitt atkvæði hafði mislagst í atkvæðabunkum.

Yfirkjörstjórn tekur fram að þær breytingar sem urðu við endurtalningu eru vegna manlegra mistaka og harmar yfirkjörstjórn að þær hafi átt sér stað og biðst velvirðingar á þeim. En með endurtalningunni telur yfirkjörstjórn að hún hafi leiðrétt þessi mistök og þar með hafi rétt niðurstaða fengist.

Það skal tekið fram að það munu vera til upptökur úr öryggismyndavélum sem sýna innganginn í salinn þar sem talning fór fram og þær eru komnar til lögreglu. Ég hef ekki skoðað þær en væntanlega hef ég ekki heimild til þess vegna sjónarmiða um persónuvernd.

Beðist er velvirðingar á því að greinargerð þessi og fundargerð yfirkjörstjórnar berst ekki landskjörstjórn fyrr en nú í dag en ástæða þess er sú að undirritaður þurfti í gær að vera viðstaddur útför á Akureyri og fékk heimild hjá starfsmanni yfirkjörstjórnar til að skila greinargerð þessari og fundargerð nú í dag.

f.h. yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis


Ingi Tryggvason oddviti.

Lokatölur úr Norðvesturkjördæmi

Fylgiskjal nr.

3

© 26.09.2021 - 07:37



Mynd: RÚV

Lokatölur úr Norðvesturkjördæmi bárust um klukkan sjö. Guðmundur Gunnarsson dettur inn á þing í jöfnunarpingsæti frá seinustu tölum en Bergþór Ólason þingmaður Miðflokksins dettur út af þingi. Enn geta orðið breytingar á jöfnunarpingsætum.

Talin hafa verið 17.666 atkvæði. 394 skiluðu auðu og ógildir kjörseðlar voru 24.

Framsóknarflokkur fékk 4.443 atkvæði eða 25,7 prósent og þrjá menn kjörna.

Viðreisn fékk 1.072 atkvæði eða 6,2 prósent og einn mann.

Sjálfstæðisflokkurinn fékk 3.887 atkvæði eða 22,5 prósent og tvo menn kjörna

Flokkur fólksins fékk 1.513 atkvæði, 8,7 prósent og einn þingmann.

Sósíalistaflokkurinn fékk 721 atkvæði, 4,2 prósent og nær ekki manni inn.

Miðflokkurinn fékk 1.283 atkvæði eða 7,4 prósent en nær ekki manni inn.

Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn fékk 72 atkvæði eða 0,4 prósent.

Píratar fengu 1.082 atkvæði eða 6,2 prósent en nær ekki inn manni.

Samfylkingin fékk 1.196 atkvæði eða 6,9 prósent en nær ekki inn manni.

Vinstri hreyfingin grænt framboð fékk 1.979 atkvæði eða 11,5 prósent og nær inn einum manni.

Guðmundur Gunnarsson, oddviti Viðreisnar er inni samkvæmt þessu sem jöfnunarpingmaður en Bergþór Ólason, þingmaður Miðflokksins dettur út af þingi. Næstur

inn var Teitur Björn Einarsson, sem var þriðji á lista Sjálfstæðisflokksins. Það skal tekið fram að enn geta orðið breytingar á jöfnunarþingsætum.

Samkvæmt þessu eru þingmenn kjördæmisins eftirfarandi:

1. Stefán Vagn Stefánsson Framsóknarflokk.
2. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir Sjálfstæðisflokk.
3. Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, Framsóknarflokk.
4. Bjarni Jónsson Vinstri grænum.
5. Haraldur Benediktsson, Sjálfstæðisflokk.
6. Eyjólfur Ármannsson, Flokk fólksins.
7. Halla Signý Kristjánsdóttir, Framsóknarflokk.
8. Guðmundur Gunnarsson, Viðreisn.



Bjarni Rúnarsson
Fréttastofa RÚV

✉ [Senda skilaboð](#)

Aðrar fréttir




Táknmálstúlkaðar fréttir: Aurskriður og jarðskjálftar
Fjallið er komið að stórum hluta niður, segir bóndi á Björgum í Útkinn. Stórir
hlutar sveitarinnar u... Sjá nánar →

INNLENT

Telja öll atkvæði aftur í Norðvesturkjördæmi

Kjartan Kjartansson skrifar · 26. september 2021 14:57



Frá Borgarnesi þar sem atkvæði Norðvesturkjördæmis eru talin.

VÍSIR/VILHELM

Öll atkvæði í Norðvesturkjördæmi verða talin aftur vegna þess hversu lítill munur var á jöfnunarþingmönnum á milli kjördæma. Yfirmaður kjörstjórnar þar segir að við endurtalninguna gætu orðið hreyfingar á jöfnunarsætum flokka.

Ingi Tryggvason, yfirmaður kjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi, segir að kjörstjórn hafi ákveðið að telja atkvæðin aftur vegna lítils munar. Enginn flokkur hafi farið fram á endurtalningu.

„Við ákváðum þegar við sáum að það væri lítill munur að við myndum endurtelja. Við viljum bara útiloka það að þetta sé ekki í lagi,“ segir hann við Vísi.

Atkvæði hafi verið talin aftur að hluta í öðrum kjördæmum en Ingi hafði ekki upplýsingar um í hvaða kjördæmum.

Hann segist bíða eftir talningarfólki. Endurtalningin ætti að taka tvær til þrjár klukkustundir.

Býst hann ekki við að endurtalningin hafi áhrif á hversu marga þingmenn flokkarnir fá en að hún gæti víxlað jöfnunarsætum á milli kjördæma.

Guðmundur Gunnarsson, oddviti Viðreisnar, er jöfnunarþingmaður í Norðvesturkjördæmi miðað við þær tölur sem hafa verið birtar.


Fréttin verður uppfærð.

Velkomin á Vísu. Þessi vefur notar vafrakökur. [Sjá nánar.](#)

INNLENT

Viðurkennir að hafa ekki innsiglað kjörseðla og ber fyrir sig hefð

Vésteinn Örn Pétursson og Óttar Kolbeinsson Proppé skrifa © 26. september 2021 21:23



Ingi Tryggvason, formaður yfirkjörstjórnar, og Magnús Davíð Norðdahl, sem leiddi lista Pírata í Norðvesturkjördæmi.

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ/AÐSEND

Formaður yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi segir að kjörgögn hafi ekki verið innsigluð að talningu lokinni. Magnús Davíð Norðdahl, oddviti Pírata í kjördæminu, segir trúverðugleika kosninganna engan og segir einu færu leiðina vera að kosið verði aftur í kjördæminu.

Magnús hefur gagnrýnt frágang kjörstjórnar í kjördæminu á kjörgögnum, sem virðist ekki í samræmi við lög, og furðar sig á ósamræmi sem kom fram í fjölda ógildra og auðra atkvæða milli fyrri talningar og endurtalningar.

Eftir endurtalninguna hliðruðust nokkur atkvæði til milli flokka sem komu af stað mikilli hringekju við útdeilingu jöfnunarþingsæta í öllum kjördæmum landsins nema Norðausturkjördæmi.

„Hvernig eiga kjósendur í þessu landi að treysta lýðræðislegu ferli þegar kjörgögn eru ekki innsiglið eftir talningu í morgun, umboðsmenn lista ekki látnir vita af endurtalningu atkvæða,“ spyr Magnús á Facebook-síðu sinni.



Magnús Davíð Norðdahl
síðasta sunnudag



Hvernig eiga kjósendur í þessu landi að treysta lýðræðislegu ferli þegar kjörgögn eru ekki innsiglið eftir talningu í morgun, umboðsmenn lista ekki látnir vita af endurtalningu atkvæða. Þá voru óinnsiglið kjörgögn geymd í opnum sal hótels í 6 klukkustundir milli talninga meðan talningafólk fór heim. Það voru gestir á þessu hóteli. Breytingar verða á fjölda ógilda og auðra atkvæða milli talninga. Trúverðugleiki talningarinnar í Norðvesturkjördæmi er algjörlega farinn og þar m...
Sjá meira


Hann segir að kjörgögnin hafi verið geymd óinnsiglið í opnum sal Hótels Borgar í Borgarnesi í 6 klukkustundir milli talninga á meðan fólk fór heim. Það hafi til dæmis verið gestir á hótelinu.

„Trúverðugleiki talningarinnar í Norðvesturkjördæmi er algjörlega farinn og þar með trúverðugleiki kosninganna sjálfra,“ segir hann.

„Eina leiðin til að leysa úr þessu er að endurtaka kosningarnar í Norðvesturkjördæmi og tryggja gagnsæi og að farið sé eftir lögum og reglum. Það er sanngjörn og réttmæt krafa okkar frambjóðenda og ekki síst kjósenda í kjördæminu.“

Miklar breytingar á jöfnunarmönnum eftir endurtalningu í Norðvesturkjördæmi - Vísir

Eftir endurtalningu atkvæða í Norðvesturkjördæmi sem lauk nú síðdegis kom í ljós að atkvæði Viðreisnar höfðu verið oftalin um 9 og atkvæði Miðflokksins um 5. Þetta hrindir af stað miki...

 vísir.is Óttar Kolbeinsson Proppé

Innsigliðu kjörgögn ekki um leið

Í samtali við fréttastofu segir Ingi Tryggvason, formaður yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi, að rétt sé að kjörgögn hafi ekki verið innsiglið um leið. Hann vísar gagnrýninni þó á bug og telur ekki tilefni til að bregðast sérstaklega við henni. Kjörgögnin hafi verið geymd inni í læstum sal á hótelinu.

„Þetta er bara alveg sama skipulag og hefur verið mjög lengi,“ segir hann.

En er þetta rétt, að þau hafi ekki verið innsiglið og skilin eftir?

„Já, ekki innsiglið. Það hefur aldrei verið gert. Þau eru bara skilin eftir og læst inn í salinn. Svo förum við heim og hvílum okkur í smá tíma og förum aftur á staðinn. Þetta er bara vinnulag sem er búið að vera eins lengi og ég veit. Það er ekkert innsiglað, það er engin aðstaða til að innsigla þetta. Menn ganga ekkert alveg frá þessu. Auðvitað væri það hægt, það væri náttúrulega hægt að klára þetta en þá væru menn að bara fram á miðjan dag og væru þá kannski ekkert búnir að sofa í tvo sólarhringa.“

Þannig að þetta er rétt hjá honum, en þú vísar því á bug að það sé eitthvað athugasvert við þetta?

„Já, já. Eins og ég segi, þetta hefur bara tíðkast og er bara venjubundið. Það hafa aldrei verið nein vandamál í sambandi við þetta.“

Vísar til skýrra ákvæða kosningalaga

Kristín Edwald, formaður Landskjörstjórnar, sagðist ekki geta tjáð sig um málið þegar fréttastofa hafði samband við hana.

Almennt sagði hún þó að kosningalög væru skýr um þetta efni, og vísaði sérstaklega til 104. greinar þeirra, sem tekur til þess hvað gera skuli að talningu atkvæða lokinni. Í annarri málsgrein ákvæðisins segir:

„Þá skal yfirkjörstjórn setja alla notaða kjörseðla undir innsigli og skal gildum og ógildum kjörseðlum haldið sér. Kjörseðlana skal geyma þar til Alþingi hefur úrskurðað um gildi kosninganna, sbr. 120. gr., enda sé þeirra eigi þörf vegna kærna sem beint hefur verið til lögreglustjóra. Að því búnu skal eyða kjörseðlunum og skrá yfirlýsingu um það í gerðabók yfirkjörstjórnar.“

Velkomin á Vísí. Þessi vefur notar vafrakökur. Sjá nánar.

Ingi útilokar kosningasvindl en hættir sem formaður: „Allar vangaveltur um slíkt er bara bull“

Fylgiskjal nr.

6



- Auglýsing -

Ingi Tryggvason, formaður yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi, ætlar ekki að gefa kost á sér aftur.

Í viðtali við Mannlíf segir hann að kjörstjórn Norðvesturkjördæmis hafi borist ábending frá Landskjörstjórn, morguninn eftir að lokatölur höfðu verið tilkynntar. Ábendingin var sú að litlu hefði munað í tveimur kjördæmum í sambandi við uppbótarmenn og í kjölfarið hafi kjörstjórnin fundað í hádeginu og farið í að telja atkvæðin aftur.

Í kjörstjórn Norðvesturkjördæmis sátu Ingi Tryggvason formaður, Bragi Rúnar Axelsson, Katrín Pálsdóttir, Ingibjörg I. Guðmundsdóttir og Guðrún Sighvatsdóttir.

- Auglýsing -

Þegar Ingi var spurður út í innsigli sem kjörstjórn er skylt að nota sagðist hann halda að betra væri að leggja áherslu á að læsa herbergjunum.

„Það er spurning hvort fólk viti það hvað felst í innsigli,“ sagði Ingi og bætti við að ef einhver ætlaði sér inn í herbergið kæmi innsigli ekki í veg fyrir það. Enda væri um límmiða að ræða sem auðvelt væri að taka af og setja aftur á.

Ingi var spurður hvort hann teldi að einhver annar gæti hafa haft aðgang að herberginu sagðist hann ekkert hafa bent til þess.

„Allar vangaveltur um slíkt er bara bull“

Hann sagðist ekki ætla að gefa kost á sér aftur skyldi Alþingi leita til hans.

„Ég var búinn að gefa það út að eftir þetta tímabil myndi ég hætta. Alþingi kys yfirkjörstjórn þannig mínu kjörtímabili er lokið“.

Bókun landskjörstjórnar

[Dagskrárliður 2]

Landskjörstjórn bókar á úthlutunarfundi 1. október 2021:

Í XV. kafla laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, er fjallað um kosningaúrslit í kjördæmum, þ.m.t. um verkaskiptingu yfirkjörstjórna og landskjörstjórnar þegar kemur að úrslitum alþingiskosninga. Yfirkjörstjórnir annast talningu atkvæða í kjördæmum í samræmi við 97. gr. laga um kosningar til Alþingis. Landskjörstjórn leggur til eyðublöð fyrir skýrslur um atkvæðatölur, tekur á móti skýrslunum frá yfirkjörstjórnnum og úthlutar þingsætum í samræmi við XVI. kafla laganna. Svo landskjörstjórn geti byggt úthlutun þingsæta á traustum grunni þarf hún að ganga úr skugga um að skýrslur yfirkjörstjórna um atkvæðatölur séu byggðar á fullnægjandi upplýsingum.

Að morgni sunnudags 26. september sl. komu formaður landskjörstjórnar, ritari hennar og stærðfræðingur, sem er ráðgjafi landskjörstjórnar, saman í húsakynnum Alþingis til þess að taka á móti skýrslum yfirkjörstjórna svo að reikna mætti út atkvæðatölur framboðslista og gera grein fyrir breyttum atkvæðum, sbr. 105. og 110. gr. laga um kosningar til Alþingis. Þá lágu fyrir í fjölmiðlum niðurstöður talninga í einstökum kjördæmum. Af þeim mátti ráða að einungis sjö atkvæðum munaði á frambjóðanda V-lista og frambjóðanda M-lista í Suðurkjördæmi og að viðsnúningur á atkvæðatölu þessara framboða hefði áhrif á úthlutun þingsæta. Enn fremur mátti ráða að einungis munaði tveimur atkvæðum á atkvæðahlutfalli C-lista í Norðvesturkjördæmi og Suðurkjördæmi og að viðsnúningur á þessum hlutföllum hefði áhrif á úthlutun jöfnunarsæta. Næmisgreining eins og hér er lýst hefur verið hluti af yfirferð landskjörstjórnar við undanfarnar kosningar og hafa niðurstöður hennar jafnan verið kynntar fyrir kjörbrefanefnd Alþingis. Í þetta sinn var ljóst að atkvæðafjöldi sem gæti haft áhrif á úthlutun þingsæta var minni en áður. Var athygli yfirkjörstjórna Norðvestur- og Suðurkjördæma vakin á þessu. Í símtali við formann landskjörstjórnar upplýsti formaður yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis að ákveðið hefði verið að endurtelja greidd atkvæði í kjördæminu þegar í ljós hafi komið misræmi í flokkun atkvæða sem voru greidd C-lista. Áréttaði formaður landskjörstjórnar mikilvægi þess að umboðsmenn framboðslista væru viðstaddir endurtalninguna.

Sama dag, sunnudaginn 26. september, kl. 17.47, bárust landskjörstjórn gögn frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis í tölvupósti með fyrirsögninni „Lokatölur úr Norðvesturkjördæmi.“ Þar sem gögnin voru óskýr og ekki á því sniðmáti sem landskjörstjórn hafði sent yfirkjörstjórnnum til útfyllingar var haft samband við tengilið yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis og barst skýrslan, með atkvæðatölum framboða, landskjörstjórn kl. 11.39, mánudaginn 27. september. Þar með hafði borist ein skýrsla um kosningaúrslit frá hverju kjördæmi. Úthlutun samkvæmt skýrslum yfirkjörstjórna allra kjördæmanna leiddi til þess að jöfnunarsæti færðust milli

kjördæma frá því sem kynnt hafði verið í fjölmiðlum og hafði það áhrif á kosningu fimm þingmanna. Síðar sama dag bárust landskjörstjórn athugasemdir umboðsmanns P-lista í Norðvesturkjördæmi við það hvernig staðið var að framkvæmd endurtalningarinnar, boðun umboðsmanna og varðveislu kjörgagna. Jafnframt hafa landskjörstjórn borist afrit af bréfum tveggja frambjóðenda frá 27. september, þar sem gerðar eru athugasemdir við framkvæmd talningarinnar. Af hálfu yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis var upplýst að kjörstjórnin hefði, eftir að hafa yfirlit um verklag við flokkun og talningu atkvæða, ákveðið að endurtelja ekki atkvæðaseðla í kosningunum. Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis endurskoðaði síðar þessa ákvörðun sína á fundi 27. september í kjölfar beiðna umboðsmanna V-lista, P-lista, D-lista, J-lista og S-lista í kjördæminu. Endurtalning kjörseðla í kosningunum í Suðurkjördæmi fór fram síðar þann dag. Niðurstaða tvöfaldrar endurtalningar í kjördæminu skilaði nákvæmlega sömu niðurstöðu og kynnt var í lokatölum yfirkjörstjórnarinnar.

Í ljósi þess að landskjörstjórn skal byggja úthlutun sína á skýrslum yfirkjörstjórna, sbr. 106. og 105. gr. laga um kosningar til Alþingis, og að frávík í niðurstöðum kosninganna í Norðvesturkjördæmi frá því sem kynnt hafði verið í fjölmiðlum reyndust hafa umtalsverð áhrif á úthlutun jöfnunarsæta ákvað landskjörstjórn á fundi sínum 27. september sl. að afla nánari upplýsinga frá yfirkjörstjórnnum um framkvæmd flokkunar og talningar atkvæða í öllum kjördæmum. Auk þess var óskað eftir upplýsingum um meðferð kjörgagna, allt frá því að kjörgögn bárust yfirkjörstjórn til talningar og þar til talningu var lokið í einstökum kjördæmum og hvernig boðun og upplýsingagjöf til umboðsmanna framboðslista var háttað. Sérstaklega var þess óskað að yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis veitti upplýsingar um verklag við endurtalninguna og hvað skýrði mun á heildarfjölda atkvæða og breytingu á fjölda ógildra seðla á milli talningar og endurtalningar. Loks óskaði landskjörstjórn eftir afriti af fundargerðum yfirkjörstjórna frá og með kjördegi. Landskjörstjórn bárust umbeðin gögn og upplýsingar 27. og 28. september. Landskjörstjórn hefur kynnt sér og yfirlit svör og fundargerðir yfirkjörstjórna um talninguna.

Í fundargerð yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis frá fundi hennar 25. – 26. september er rakið tilefni endurtalningarinnar og lýst niðurstöðum hennar. Jafnframt er rakið í hverju misræmi frá fyrri talningu hafi verið fólgið. Tekur yfirkjörstjórnin fram að þær breytingar sem orðið hafi við endurtalninguna hafi verið „vegna mannlegra mistaka og [harmi] yfirkjörstjórn að þær hafi átt sér stað og biðst velvirðingar á þeim“. Jafnframt tekur yfirkjörstjórnin fram að með endurtalningunni hafi kjörstjórnin leiðrétt þau mistök sem hafi átt sér stað. Hvað viðkemur varðveislu kjörgagna kemur fram í fundargerðinni að á meðan fundarfrestun yfirkjörstjórnar stóð frá kl. 07.35 til kl. 13.00 hafi kjörgögn verið geymd í sal Hótel Borgarness þar sem talningin fór fram en hann hafi verið læstur og öryggismyndavélar væru við inngang hans. Í greinargerð formanns yfirkjörstjórnarinnar er ekki að finna nánari upplýsingar um hvernig varðveisla kjörgagna hafi verið tryggð eða hvernig aðgangi að talningarsalum hafi að öðru leyti verið háttað. Í greinargerð formanns yfirkjörstjórnar 28. september kemur fram að upptökur úr öryggismyndavél hafi verið

sendar lögreglu. Ritari landskjörstjórnar óskaði sérstaklega eftir því við formann yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis að hann aflaði staðfestingar um tiltekin atriði varðandi upptökur úr öryggismyndavélum en slík staðfesting barst ekki. Að mati landskjörstjórnar hefur ekki borist staðfesting frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis á að meðferð og varðveisla kjörgagna á talningarstað í kjördæminu hafi verið fullnægjandi.

Hlutverk landskjörstjórnar er nánar afmarkað í stjórnarskrá og lögum um kosningar til Alþingis. Ákvæði þeirra gera ekki ráð fyrir því að landskjörstjórn geti haft afskipti af störfum yfirkjörstjórna, til að mynda gefið þeim fyrirmæli um framkvæmd talningar eða mælt fyrir um endurtalningu. Hins vegar verður að líta svo á, einkum með vísan til 106. og 105. gr. laga um kosningar til Alþingis, að það sé hlutverk landskjörstjórnar að leiða sem best í ljós hvaða upplýsingar og gögn frá yfirkjörstjórnnum kjördæma liggja til grundvallar við vinnu landskjörstjórnar um úthlutun þingsæta. Hefur landskjörstjórn þá jafnframt í huga mikilvægi þess að almennt ríki traust um framkvæmd kosninga.

Í samræmi við framangreint og samkvæmt 106. gr., sbr. 105. gr. laga um kosningar til Alþingis telur landskjörstjórn sér skylt að úthluta þingsætum, kjördæmissætum og jöfnunarsætum, á grundvelli skýrslna um kosningaúrlit sem henni berast frá yfirkjörstjórnnum. Fellur það utan valdsviðs landskjörstjórnar að taka afstöðu til hugsanlegra ágalla á framkvæmd kosninga í einstökum kjördæmum eða hvort, og þá hvaða, áhrif slíkt hafi á gildi kosninga. Leggur landskjörstjórn áherslu á að í samræmi við 46. gr. stjórnarskrárinnar er það hlutverk Alþingis að úrskurða um hvort til staðar kunni að vera þeir gallar á framkvæmd kosninga sem ætla megi að hafi haft áhrif á úrlit þeirra, sbr. einnig 3. mgr. 120. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Fylgiskjal nr.

8

LJKA VEGAN & ALLTAF FERSK

LAMB STREET FOOD - GRANDA

Ætlar ekki að skoða upptökur úr öryggismyndavélum

Ingi Tryggvason, formaður yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi, segir að hann ætli ekki að skoða upptökur úr eftirlitsmyndavélum á Hótel Borgarnesi til að vera viss um að enginn starfsmaður hótelsins hafi farið inn í talningasalinn þegar enginn annar var viðstaddur. Þar að auki segir hann að hann myndi ekki fá aðgang að gögnunum vegna persónuverndarlaga

Fréttir

Alþingiskosningar 2021

28. september 2021 15:55



MIN SÍÐA

Fréttamál Endurvinnsla á Íslandi Alþingiskosningar 2021 Laxeldi Samherjaskjöldur Samherjamálfró Alþingiskosningar 2016



Starfsmenn hótelsins með ótakmarkaðan aðgang þig. Tryggvason de Þessir að hafi síðir myndir hótelsins skoðuð. Takmarkaður aðgangur að síttum myndavélum í hóteli. Það er

Þú ert með myndir af þessum hóteli. Sjá webas

X



Alma Mjöll Ólafsdóttir
alma@stundin.is

Deila

Stundin.is

stundin.is/FDeX

Ingi Tryggvason, formaður kjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi, segist ekki hafa tölu á því hversu margir lykklar eru að salnum þar sem atkvæði voru geymd á meðan kjörstjórn yfirgaf svæðið í sex klukkutíma. Hann segir að starfsmenn hefðu ekki átt að hafa aðgang að salnum en lykklarnir séu margir.

„Ég veit ekki hvað eru til margir lykklar að þessum inngöngum. Þetta er hluti af hótélinu, þetta er ekki húsnæði sem yfirkjörstjórn á. Það geta verið 50 lykklar að þessu plássi, ég veit það ekki. Við létum ekki skipta um skrá á húsnæðinu,“ segir Ingi aðspurður að því hvort að starfsmenn hótelsins höfðu lykla að salnum.

„Ég hef ekki áhyggjur af því hvernig þessi gögn voru geymd meðan við vorum ekki á staðnum,“ segir hann. „Það getur vel verið að starfsmenn hótelsins hafi haft aðgang að þessu rými.“

Aðspurður að því hvort hann hafi rætt við starfsmanninn sem tók myndirnar eftir að málið kom upp segir Ingi „að það komi málinu ekkert við“.

Sama segir hann eiga við þegar hann er spurður út í það hvort hann þekki starfsmanninn persónulega. „Það kemur málinu ekkert við.“

Fara ekki fram á gögn úr öryggismyndavélum

Eina sem gæti staðfest að enginn hafi farið inn í salinn á meðan kjörstjórnin tók sér hvíld eru öryggismyndavélar sem beinast að tveimur inngöngum salarins.

Aðspurður að því hvort hann muni kalla eftir gögnum úr myndavélunum til að vera viss um að enginn hafi farið inn í salinn segir hann að kjörstjórnin muni ekki fá gögnin út af persónuverndarlögum.

Viljið þið ekki vita hvort það hafi einhver farið inn í salinn þegar þið voruð ekki þar?

„Við vitum að svo var ekki.“

Hvernig veist þú að svo var ekki?

„Af því að ég veit það.“

Finnst þér ekkert alvarlegt að starfsmenn hótelsins hafi haft aðgang að salnum á meðan þið voruð ekki þar?

„Það var ekkert óeðlilegt við aðganginn að því rými sem þetta var geymt í eða aðgangi að gögnunum meðan við vorum ekki á staðnum.“

En finnst þér þetta vekja traust á talningunni að þið viljið ekki athuga með öryggismyndavélarnar?

„Við þurfum ekki á því að halda.“

Þið treystið því bara að starfsmenn hótelsins hafi ekki verið að fikta í atkvæðunum?

„Já. Ég veit það alveg nákvæmlega.“

Dú treystir því bara?

„Treysti ég því? Já ég veit það.“

Hvernig veistu það?

„Af því að ég veit alveg nákvæmlega hvernig var gengið frá þessu áður en við fórum út úr salnum og hvernig þetta leit úr þegar ég kom aftur.“

En til að staðfesta það þarftu gögnin úr myndavélunum.

Stundin.is

Sjá nánar



Deila

stuncinis/FDeK

Efnisorð

Alþingiskosningar 2021

Athugasemdir

5 Comments

Sort by Oldest

Add a comment...



Arni Guðnyar

Eins og aðrir Sjallar hafin yfir lög og rétt. Það er bara fyrir skrifin að hafa lög í heðri.

Like · Reply · 8 · 5d



Alma Steinarsdóttir

Privilege, which just means "private law." Two types of people laugh at the law; those that break it and those that make it.

-Terry Pratchett

Like · Reply · 5 · 5d



Mariska van der Meer

The faces of greed and power with a personality disorder look a narc well he is in team narcs first evn though they are no example for us, i don't consent this kind of people yes check on all the personality signs of z" narcissists and enablers "you will see who is who. We have no interest to let it stop to find out what really happened here.

Like · Reply · 2 · 5d



Sigmundur Guðmundsson

Ég legg til að Ingi Tryggvason verði rekinn TAFARLAUST sem formaður Kjorsjórnar í Norðvesturkjördæmi.

Það er augljóst að hann veldur ekki þessu mikilvæga starfi.

Like · Reply · 8 · 5d · Edited



Birgir Sigmundsson

Ingi er héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness, þannig að nú má vænta þess að hann muni í dómum sínum byggja á hefð, framfar lögum. Forsendur dóma geta því orðið: "Þetta hefur alltaf verið svona og engin ástæða til að láta einhver vanhugsuð lög breyta því."

Like · Reply · 6 · 5d



Jon Pall Gardarsson

Hefur ekki einmitt málum fjármálastofnana á hendur almenningi verið byggð á hefðum í stað laga?

Like · Reply · 1 · 4d



Soggi Diddi

Það sést á myndum tengdadóttunnar að það eru margar dyr inn í þennan sal

Like · Reply · 1 · 5d

Facebook Comments Plugin

Allar athugasemdir eru ábyrgð á þeirra sem þær skrifa. Stundin áskilur sér rétt til að fjarlægja ábrúmeðandi og óvænigandi athugasemdir.

Sjá allar athugasemdir

X

Akranesi 27. september 2021

Til yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi.

Varðar: Framkvæmd endurtalningar vegna alþingiskosninga 2021

Undirrituð er umboðsmaður S-listans í Norðvesturkjördæmi vegna nýafstaðinna alþingiskosninga.

Hér með fer ég fram á að yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis taki til skoðunar ákvörðun um endurtalningu atkvæða í kjördæminu sem fram fór sunnudaginn 26. september. Af því er fram hefur komið frá kjörstjórn var engin krafa gerð um endurtalningu af hálfu framboðanna og enginn efi fyrir hendi um að lokatölur í kjördæminu, sem birtar voru snemma á sunnudagsmorgun, væru réttar. Einungis hafi verið um að ræða ábendingu formanns landskjörstjórnar þess efnis að mjótt væri á munum vegna útreikninga jöfnunarþingmanna.

Auk þessa vísa ég í viðtal í fjölmiðlum þar sem haft er eftir formanni yfirkjörstjórnar að kjörgögn hafi ekki verið innsigluð að talningu lokinni heldur skilin eftir í sal Hótel Borgarness. Ekki liggur fyrir hvort salurinn var lokaður frá því yfirkjörstjórn og talningarfólk yfirgaf salinn en hann var ekki innsiglaður. Formaður yfirkjörstjórnar hefur borið fyrir sig í fjölmiðlum að öryggismyndavélar séu fyrir utan salinn og að salurinn hafi verið læstur, án þess þó að gefa umboðsmönnum færi á að skoða umræddar öryggisupptökur eða að öðru leyti fá vissu fyrir því að enginn hafi farið inn í salinn.

Umboðsmenn framboða voru ekki allir mættir þegar talning hófst. Í samtali við formann yfirkjörstjórnar um kl. 14.30 sunnudaginn 26. september var mér ekki gert ljóst að mér, eða öðrum fulltrúa S-listans, bæri samkvæmt lögum að vera viðstödd endurtalninguna. Þvert á móti var mér tjáð að viðvera mín væri óþörf. Sinni kjörstjórn aukin heldur ekki skyldu sinni samkvæmt 2. mgr. 98. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Ég, sem umboðsmaður S-listans, óska eftir að fá í hendur gerðarbók yfirkjörstjórnar þar sem umrædd ákvörðun um að endurtelja atkvæði er bókuð og rökstudd. Óska ég jafnframt eftir því að sérstök grein sé gerð fyrir því hvernig standi á því að heildarfjöldi atkvæða hafi aukist við endurtalningu og hvernig standi á því að breytingar á fjölda auðra kjörseðla og ógildra kjörseðla hafi verið jafn miklar og raun ber vitni.

Óháð því hvort framangreint hafði áhrif á niðurstöður kosninga verður að ætla að slíkir meinbugur hafi verið á framkvæmd endurtalningar að hann sé til þess fallinn að valda tiltrú almennings á hinu lýðræðislega ferli skaða. Tel ég að yfirkjörstjórn sé skylt að miða við lokaniðurstöður fyrri talninga við skýrslugjöf sinna til landskjörstjórnar og er það krafa mín að horft verði fram hjá niðurstöður endurtalningarinnar og niðurstöður fyrri talningar verði láttnar standa.

Óska ég eftir því að bréf þetta verði fært til bókar í gerðarbók yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis og að yfirkjörstjórn láti afstöðu sinna til allra framangreindra atriða skriflega í ljós.

Með vinsemd og virðingu

Hrönn Ríkhartsdóttir.